



Þrátt fyrir að búið sé að rýmka leyfi Íslendinga til að njóta hreyfingar í líkamsræktarstöðvum nýttu þessir gönguhrólfar tækifærið í veðurblíðu gærdagsins til að koma blóðflæðinu vel af stað í náttúruparadís Laugardalsins. Að teygja sig og hita vöðvana er mikilvægt hvort sem verið er inni eða úti og það gerði fólkið áður en gengið var niður í dalinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þrjú af fjórum ljúga um aldur

Selja leiguíbúðir til að fjármagna framkvæmdir

Þrjú ungmenni af hverjum fjórum á aldrinum 13 til 16 ára ljúga til um aldur á samfélagsmiðlum samkvæmt nýrri könnun SAFT. Aðeins 14 prósent þeirra þekkja alla fylgjendur sína á samfélagsmiðlum.

SAMFÉLAG Þrjú af hverjum fjórum ungmennum á aldrinum 13-16 hafa logið til um aldur til að nota samfélagsmiðla. Þetta kemur fram í niðurstöðum forkönnunar Snjallvagnsins, sem gerð var af SAFT í samstarfi við Huawei og Insight meðal nemenda í 8.-10. bekk í grunnskólum um allt land.

Könnunin er gerð á öllum Norðurlöndunum og verða samanburðarniðurstöður frá hinum löndunum opinberaðar á næstunni. Þegar nær dregur vori verður farið í stærra úrtak á landsvisu.

Í ljós kemur að 40 prósent segjast vera með opinn prófil á samfélagsmiðlum, það er að segja að hægt er

Staðreyndin er að flest þeirra eru komin á samfélagsmiðla þrátt fyrir að hafa ekki aldur til þess.

Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla



að skoðað upplýsingar um þau án þess að þekkja þau neitt. Aðeins 14 prósent segjast þekkja alla sem fylgja þeim á samfélagsmiðlum.

Helmingurinn deilir efni sem þeim þykir áhugavert og/eða myndir á samfélagsmiðlum en aðeins 35 prósent kanna hvort upplýsingarnar sem þau deila séu sannar. Þá segjast 61 prósent ekki vita hvað höfundarréttur er og 66 prósent vita ekki hvernig reiknilikön, eða algóritmar, samfélagsmiðla virka.

Tilgangur könnunarinnar er að meta stöðuna svo hægt sé að sníða námsefni að þörfum ungmenna. Könnunin var gerð í desember og náði til tæplega 1.000 nemenda.

Hildur Halldórsdóttir og Sigurður Sigurðsson, verkefnastjórnar hjá Heimili og skóla, munu kynna niðurstöðurnar á Alþjóðlega netöryggisdeginum í dag. Þau hafa heimsótt fjölmarga skóla á höfuðborgarsvæðinu og rætt þar við nemendur í 6. bekk um netöryggi. „Við spyrjum alltaf hversu margir eru á samfélagsmiðlum og það er alltaf meirihlutinn. Staðreyndin er að flest þeirra eru komin á samfélagsmiðla þrátt fyrir að hafa ekki aldur til þess,“ segir Hildur.

Þau munu einnig kynna niðurstöður úr samevrópskri foreldra-könnun, Digital Citizenship Education Survey. – **ab / sjá síðu 6**

VESTFIRÐIR Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að selja um eitt hundrað leiguíbúðir og áformar að selja allt að tuttugu og níu þjónustubúðir aldraðra á Hlíf. Er þetta gert til þess að losa fjármagn til byggingar knattspyrnuhúss og til að lækka efnahagsreikning bæjarins sem hefur hækkað verulega vegna faraldursins.

Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans í minnihluta bæjarstjórnar, leggst gegn áformum um eignasölu til þess að takast á við vandanann. „Þú selur eignina aðeins einu sinni,“ segir hún. „Salan tekur ekki á vandanum nema tímabundið. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti og ekki fara út í risastórar framkvæmdir þegar við höfum ekki efni á þeim.“ – **khg / sjá síðu 4**

Škoda Kodiaq

Fjór hjóladrífinn, fæst sjö manna og sker sig úr hvert sem hann fer með kraftmiklu yfirbragði.

Verð frá **7.290.000 kr.**

Dráttarbeisli, bakkmyndavél, stöðugleikastýring og fleira.

Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/skodasalur

5
ÁR
ÁBYRÐ
HEKLA

Dráttargeta
2,5 tonn





Íbúar Vestmannaeyja eru ánægðir.

Eyjamen og Akureyringar ánægðastir

SAMFÉLAG Íbúar Vestmannaeyja, Akureyrar og Eyjafjarðar eru jákvæðastir hvað varðar búsetuskilyrði, viðhorf til sveitarfélagsins og hamingju. Íbúar Dalanna og sunnanverðra Vestfjarða eru neikvæðastir.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar landshlutasamtaka sveitarfélaga og Bygðastofnunar.

Við gerð könnunarinnar var landinu skipt niður í 24 svæði og var spurt um 40 atriði sem snerta búsetuskilyrði. Meðal þess sem var spurt um var fríðsæld, skólamál, þjónusta og samgöngur.

Íbúar Dalanna voru helst óánægðir með vöruverð, farsímasamband, umferðaröryggi, mannlíf og laun.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru óánægðastir með umferðarmál en ánægðastir með vöruúrval. – ab



Freyja skildi eftir sig tvö börn.

Safna fé fyrir börn Freyju

DANMÖRK Ákveðið var í gær að hefja söfnun til styrktar fjölskyldu og börnum Freyju Egilsdóttur Mogensen sem var myrt í Danmörku fyrir helgi. Fyrrverandi eiginmaður Freyju, Flemming Mogensen, játaði á sig morðin en þau áttu saman tvö börn.

Freyja sótti um skilnað frá Flemming árið 2019 en Flemming hafði áður verið dæmdur fyrir að hafa orðið barnsmóður sinni að bana fyrir 25 árum. Jónína Eyvindsdóttir, vinkona Freyju, stofnaði styrktarreiðinginn. – kpt

Fastagestir skáluðu á Ölveri



Sportbarinn Ölver opnaði dyr sínar eftir margra mánaða lokun í gær. Fastagestir, sem og þeir sem finnst gaman að fara á barinn til að horfa á íþróttir, mættu á leik Leeds-Crystal Palace í enska boltanum og skáluðu fyrir auknu frelsi. Töluverður undirbúningur hafði staðið fyrir opnunina en Ölver getur skipt staðnum upp í mörg sóttvarnahólf. Barinn opnaði klukkan ellefu og var rennir af fólki allan daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Nýjar reglur komnar í gildi

COVID-19 Krár, barir, tækjasalir og búningsklefar líkamsræktarstöðva opnuðu aftur í gær eftir að nýjar reglur um samkomutakmarkanir tóku gildi. Enn eru í gildi grundvallarreglur um tveggja metra reglu og grímuskyldu og samkomur miðast enn við tuttugu manns. Fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn fædd 2005 eða síðar.

Í gær voru 28 einstaklingar í einangrun hér á landi með virkt COVID-19 smit og sólarhringinn á undan greindist eitt innanlandsmit og var sá smitaði í sóttkví við greiningu. Brettán lágu á sjúkrahúsi vegna COVID-19 í gær, 21 var í sóttkví.

Frá því að fyrsta smit greindist á Íslandi í lok febrúar í fyrra hafa verið staðfest 6.020 COVID-19 tilfelli hérlandis. Yfir 46 þúsund manns hafa lokið sóttkví og tæplega 268 þúsund sýni hafa verið tekin innanlands. – bdj

Öll von talin úti fyrir John Snorra og félagaga

Ekkert hefur spurst til fjallgöngumannsins Johns Snorra Sigurjónssonar síðan á föstudag. Hann var á leið á fjallið K2 ásamt tveimur öðrum. Á toppi fjallsins er allt að 75 gráða frost. Eiginkona Johns segir ólíklegt að hann sé enn á lífi.

SAMFÉLAG „Við vitum að núna þegar myrkrið skellur á í fjallinu er lítil von um að John finnist á lífi. Hugur okkar er hjá John Snorra, Ali og Juan Pablo,“ segir Lína Móey Bjarnadóttir, eiginkona Johns Snorra Sigurjónssonar fjallgöngumanns í tilkynningu.

Enn hafði ekkert spurst til Johns Snorra þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. John Snorri og félagar hans, Muhammad Ali Sadpara og Juan Pablo Mohr, lögðu af stað á topp K2 á fimmtudag. Þeir skilugu sér ekki í búðir á föstudag líkt og gert var ráð fyrir og ekki hefur sést eða spurst til þeirra síðan klukkan fimm á föstudagsmorgun, að íslenskum tíma.

John Snorri, sem á fimm börn, gekk á topp K2 sumarið 2017 og varð þá fyrstur íslendinga til að komast á topp fjallsins að sumri til. Engum hafði tekist að komast á topp K2 að vetrarlagi og stefndi John Snorri að því að verða sá fyrsti í heiminum til að komast þangað. Þann sextánda janúar síðastliðinn komust þó tíu nepalskir fjallgöngumenn í sögubækurnar þegar þeir komust fyrstir á topp K2. Í samtali við Fréttablaðið árið 2019 sagðist John hafa sérstaka aðferðafræði sem myndi nýtast honum við ferð sína á fjallið, þá sagði hann ferðina „stórt verkefni og gríðarlega áskorun“.

K2 er 8.611 metra hátt og er talið eitt mannskæðasta fjall heims. Fjallið er staðsett í Karakorumfjallgarðinum í Pakistan og er stundum nefnt Grimmafjall. Þegar John Snorri og ferðafélagar hans lögðu af stað upp fjallið voru þeir upphaflega fjórir saman. Einn þeirra,



Aðeins fjórtán fjöll á allri jörðinni eru hærra en 8.000 metrar, árið 2019 kleifi John Snorri eitt þeirra, fjallið Manaslu í Nepal. MYND/KÁRI G. SCHRAM

» Að meðaltali deyr fjórði hver fjallgöngumaður sem reynir við K2 fjallið.

Sajid Ali Sadpara, sneri við á föstudaginn þegar súrefniskútur hans hætti að virka. Þegar hann kom í búðir sagði hann að hinir göngumennirnir hefðu verið í góðu standi þegar hann skildi við þá.

Síðast er vitað til Johns Snorra á þeim stað á fjallinu sem oft er kallaður flöskuhálsinn, eða dauðsvæðið. Svæðið er í 8.211 metrar hæð og þar er gríðarstór ishella sem reglulega hrynur úr. K2 er töluvert hættulegra fjall heldur en önnur

fjöll, líkt og til að mynda Everest. Þar hefur dánartíðni verið í kringum eitt prósent síðan árið 1990 en á K2 deyr að meðaltali fjórði hver fjallgöngumaður sem reynir við fjallið.

Aðstæður við fjallið hafa verið gríðarlega erfiðar til leitar, vegna slæms veðurs. Tvær þýrlur á vegum pakistanska hersins tóku þátt í leitinni í gærmorgun, en urðu frá að hverfa vegna óveðurs. Á toppi K2 getur orðið allt að 75 gráða frost. Leitarteymi mun halda að nýju að fjallinu í dag og leita að John Snorra, Muhammad Ali Sadpara og Juan Pablo Mohr Prieto.

Ferðamálaráðherra Pakistan sagði á Twitter í gær að velt verði við öllum steinum og notast verði við bestu mögulegu tækni við leitina. birnadrofn@frettabladid.is

KOMUM Á STAÐINN OG GERUM TILBOÐ

Slitsterk
TEPPI
fyrir stigaganga

ALLIR VINNA

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

ÚTSÖLUNNI

LÝKUR Á LAUGARDAG

20-70%

AFSLÁTTUR



Cadence FM
Queen size rúm 153cm
20% afsláttur
Útsöluverð 195.360 kr.
 Verð áður 244.200 kr.
 Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Corinna rúm 160cm
30% afsláttur
Útsöluverð 114.800 kr.
 Verð áður 164.000 kr.
 Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Poppy stök dýna 160cm
70% afsláttur
Útsöluverð 9.552 kr.
 Verð áður 31.840 kr.
 Stök dýna

Mikið úrval. Gerðu frábær kaup

Fyrir flokksmenn Frjálslynda flykkjast í Flokk fólksins

STJÓRN MÁL Fyrsti frambjóðandi Flokks fólksins verður kynntur um helgina og að sögn formannsins Ingu Sæland er það kona. Frambjóðendurnir verða kynntir reglulega fram á vorið en uppstilltir framboðslistar munu ekki liggja fyrir fyrir en seint í vor eða sumar.

„Við erum brennd og við erum að vanda okkur,“ segir Inga en ró sé yfir flokksstarfinu núna. Tveir þingmenn flokksins, Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson, voru reknir úr flokknum í nóvember árið 2018 eftir uppákomuna á Klausturbar.

Inga er þögul um nöfn en segir að bæði hún og þingmaðurinn Guðmundur Ingi Kristinsson muni leiða lista. Þau hafa verið í Reykjavíkurlkjördæmi suður og Suðvesturkjördæmi.

Flokkurinn hefur haft sterkustu stöðuna í Reykjavík og hefur verið kallað eftir því að borgarfulltrúinn



Við erum brennd og við erum að vanda okkur.

Inga Sæland formaður

Kolbrún Baldursdóttir bjóði fram krafta sína. Veitingamaðurinn Tómas A. Tómasson, Tommi á Bullunni, hefur þegar lýst yfir framboði og skrifad það á húð sína með bleki.

Þrír fyrrverandi þingmenn Frjálslynda flokksins hafa gengið í Flokk fólksins. Magnús Þór Hafsteinsson leiddi lista í Norðvesturkjördæmi árið 2017. Hann er í stjórn flokksins en hefur ekki tekið ákvörðun um framboð. Sigurjón Þórðarson hefur hins vegar hug á framboði.

Sá þriðji er Grétar Mar Jónsson, en hann hefur þegar lýst því yfir að hann vilji setjast á þing fyrir flokkinn í Suðurlkjördæmi. Övissa ríkir

um stöðuna í Norðausturkjördæmi en þar hefur flokkurinn veikustu stöðuna og oddviti síðustu kosninga, Halldór Gunnarsson í Holti, sagði sig úr flokknum eftir brottrekstur félaga sinna.

Flokkurinn náði tæpum sjö prósentum árið 2017 en hefur ekki mælst með mann inni í könnunum Fréttablaðsins. Síðasta könnun Maskínu bendir þó til að flokkurinn sé að rétta úr kútnum. – khg

Helga fer gegn Ragnari hjá VR

VERKALÝÐSMÁL Helga Guðrún Jónasdóttir tilkynnti í gær framboð sitt í formannskjöri VR og fer hún þar gegn Ragnari Þór Ingólfssyni sem hefur sinnt hlutverkinu undanfarin fjögur ár. Síðast bærust engin móttframboð og var Ragnar því sjálfkjörinn í annað kjörtímabil en nú fær Ragnar samkeppni frá fjölmörgu- og stjórnmálafræðingnum Helgu Guðrúnu. Ekki er búið að gefa út dagsetningu kosninganna í ár en búast má við að þær fari fram á fyrri hluta ársins.



Helga Guðrún Jónasdóttir

Helga Guðrún var varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins á árunum 1999 til 2002. Þá var hún formaður Landsambands Sjálfstæðiskvenna og Kvenréttindafélags Íslands. Hún á að baki þrjátíu ára starfsferil sem ráðgjafi, upplýsingafræðingur og samskiptastjóri. – kpt

Farþegafjöldi Icelandair niður um 94 prósent

VIÐSKIPTI Alls ferðuðust 11.600 farþegar með Icelandair í millilandaflugi í janúarmánuði sem er 94 prósent samdráttur á milli ára. Um átta þúsund farþegar flugu til og frá Íslandi í janúarmánuði og 3.700 sem nýttu sér tengiflug frá Evrópu til Norður-Ameríku.

Í uppgjöri fjórða ársfjórðungs 2020 hjá Icelandair Group kom fram að heildartekjur fyrirtækisins lækkuðu um 81 prósent á þeim tíma. Fyrir vikið var rekstrartapið á þeim tíma 8,2 milljarðar króna og heildartap fyrirtækisins á árinu nam 51 milljarði. – kpt

Stórfelld sala íbúða til þess að fjármagna knattspyrnuhús

Minnihluti Ísafjarðarbæjar gagnrýnir bæjarstjórn fyrir áform um sölu nærri þrjátíu þjónustuíbúða fyrir aldraða. Nær væri að fresta áformum um byggingu knattspyrnuhúss. Bæjarstjóri segir sölu hundrað leiguíbúða verða nýtt til fjármögnunarinnar en ágóði af sölu þjónustuíbúða verði nýttur fyrir aldraða.

VESTFIRÐIR Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að selja um eitt hundrað leiguíbúðir og áformar að selja allt að 29 þjónustuíbúðir aldraða á Hlíf. Er þetta gert til þess að losa fjármagn til byggingar knattspyrnuhúss og til þess að minnka efnahagsreikning bæjarins sem hefur þrengst verulega vegna faraldursins.

Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans í minnihluta bæjarstjórnar, leggst gegn áformum um eignasölu til þess að takast á við vandann. „Þú selur eignina aðeins einu sinni,“ segir hún. „Salan tekur ekki á vandanum nema tímabundið. Við þurfum að sniða okkur stakk eftir vexti og ekki fara út í risastórar framkvæmdir þegar við höfum ekki efni á þeim.“

Bygging knattspyrnuhúss hefur verið í deiglu um nokkurra ára skeið en tafist vegna skorts á tilboðum. Í sumar var undirrituð viljayfirlýsing við litháiska fyrirtækið Huugas og kostnaðurinn er talinn vera öðru hvorum megin við hálfan milljarð króna. Áætlað er að byggja húsið á þessu ári.

Arna segist vilja fresta þessum áformum sérstaklega ef það þýði sölu á þjónustuíbúðum. Betra sé að bærinn eigi íbúðirnar og hafi stjórn á þeim en að selja þær til einhvers félags. Íbúðirnar séu sérhannaðar og staðsettar við hlið heilbrigðisstofnunarinnar. Með sölu hefði bærinn ekki lengur stjórn á leiguverðinu, sérstaklega ef útvega þarf íbúð með stuttum fyrirvara. „Þetta er viðkvæmur hópur,“ segir hún.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri segir sölu leiguíbúðanna eiga



Um 100 leiguíbúðir verða seldar og áform eru um sölu nærri 30 þjónustuíbúða aldraða á Ísafirði. FRÉTTABLAÐID/SAJ



Þú selur eignina aðeins einu sinni.

Arna Lára Jónsdóttir, oddviti Í-listans



að standa undir kostnaði knattspyrnuhússins. Sú sala mun eiga sér stað yfir tveggja ára tímabil. Knattspyrnuhúsið eru þó ekki eina stórfjarfesting bæjarins á árinu því að einnig þarf að gera miklar framkvæmdir á höfninni og samlagður kostnaður verkefnanna um einn milljarð króna. Birgir segir hins vegar að þeir fjármunir sem myndu fást fyrir íbúðirnar á Hlíf yrðu nýttir til þjónustu við eldri borgara.

„Þessar íbúðir eru litlar, um 50 til 60 fermetrar að stærð. Með sölu þeirra býðst tækifæri til þess að

taka þátt í öðrum verkefnum fyrir þennan aldurshóp,“ segir Birgir. „Það er ekki búið að taka endanlega ákvörðun um sölu.“ Jafnframt að enginn væntanlegur kaupandi sé kominn í startholurnar.

Telur Birgir æskilegt að selja þjónustuíbúðirnar í heilu lagi með kvöðum um að búseta núverandi leigjenda yrði tryggð. Einnig að leigukjörin verði sambærileg og þau eru í dag. Hafa leigjendurnir á Hlíf verið upplýstir um þessi áform og vinna hefst nú við að verðmeta eignirnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

ÚTSÖLU LYKUR

SÍÐASTI DAGUR ER 13. FEB

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 6.990 KR. m²

VÍNYLPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi

VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísam VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

60x60 cm vegg- og gólfllísam VERÐ FRÁ 4.790 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ

VERÐ FRÁ 39.990 KR.

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLOTUM

MEÐ GÓLFEFNUM

SPARAÐU TUGI ÞÚSUNDA

Birgisson[®]

Skjátími ungmenna fór úr böndunum í kórónaveirufaraldrinum

SAMFÉLAG Rúmlega helmingur foreldra taldi það áskorun að samræma vinnu við skólafarfarir barna sinna í faraldrinum. Almennt voru foreldrar jákvæðir í garð fjarkennslu í skólum en stór hluti taldi þó að skólar þyrftu að bæta sig í fjarkennslunni. Var þekkingarleysi eða skortur á búnaði helsta áskorunin fyrir foreldra.

Þetta kemur fram í niðurstöðum samevrópsku foreldrakönnunarinnar, Digital Citizenship Education Survey, 21.000 foreldrar svöruðu könnuninni, þar á meðal 280 á Íslandi.

Þá nefndu foreldrar það mikla áskorun að ná jafnvægi milli skjátíma barna og hreyfingar. Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, segir skjátíma ungmenna hafa farið úr böndunum í faraldrinum. „Það var mikil vitundarvakning varðandi skjátíma ungmenna fyrir faraldurinn, hann fór alveg úr böndunum í faraldrinum og er það mjög skiljanlegt. Næsta áskorun er að ná jafnvæginu til baka,“ segir hún. Foreldrar voru beðnir um að telja upp reglur á heimilinu. Algengustu reglurnar

» Aðeins foreldrar á Íslandi og á Möltu telja hópa á Facebook vera góða aðferð til að eiga í samskiptum við aðra foreldra.

í tengslum við netnotkun voru að eyða aldrei peningum foreldra án leyfis, leita til þeirra þegar ungmennin sjá eitthvað ógnvænlegt og að virða samskiptareglur. Flestir foreldrar hafa rætt við börnin sín

um neteinelti, en fáir voru með reglur um skjátíma.

Foreldrar yngri barna eru duglegri að kynna sér efnið sem börnin nota á netinu. Var það áberandi í niðurstöðunum að um 13 ára aldur slaka foreldrar verulega á eftirliti og afskiptum af netnotkun unglínganna. „Við erum mörg orðin alveg ónæg fyrir aldursviðmiðum en eins og í öðrum hlutum uppeldisins er mikilvægt að slaka á þegar börn verða unglíngar en alls ekki sleppa tókunum. Við þurfum að vera meðvituð um það sem unglíng-

arnir eru að gera á netinu, setja heilbrigð mörk og veita þeim aðhald,“ segir Hildur.

Foreldrar á Íslandi eru í þriðja sæti í Evrópu um að það helsta sem þau geri með barni sínu á netinu sé að eiga í samskiptum. Ísland er svo í efsta sæti þegar kemur að því að horfa á myndbönd á netinu. – ab

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Tvö ár frá hvarfi Jóns Þrastar

LÖGREGLUMÁL Í dag eru tvö ár liðin frá hvarfi Jóns Þrastar Jónssonar. Jón Þrastur var í frii í Dublin á Írlandi þegar hann hvarf. Sást hann síðast á öryggismyndavélum á gangi frá hótelinu þar sem hann dvaldi.

„Málið er á forræði írsku lögreglunnar og erum við í samskiptum við þá vegna málsins. Það er ekkert nýtt til að greina frá á þessu stigi,“ segir Margeir Sveinsson, yfirlög- regluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskylda Jóns Þrastar lagði sig alla fram til að vekja athygli á málinu á Írlandi en þrátt fyrir mikla leit er ekkert vitað um afdrif hans. Fjölskyldan hefur nú dregið sig í hlé og vildi ekki veita viðtal. – la

Segja Trump ekki ábyrgan

BANDARÍKIN Lögmannateymi Donalds Trump, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, svaraði ákærum um embættisbrot í starfi með því að lýsa yfir sakleysi forsetans fyrrverandi. Réttarhöld yfir honum hefjast í kvöld eftir að hann var kærður fyrir embættisbrot í annað sinn. Trump mun ekki bera vitni í málinu.



Donald Trump, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna

Trump er sakaður um að eiga sök á óeirðunum við þinghúsið í Washington, meðal annars með því að hvetja til ofbeldis á fundi með stuðningsmönnum sínum. Fimm manns létust í óeirðunum, þar á meðal einn lögregluámaður og þingmenn og starfsfólk þinghússins þyrftu að flýja í öruggt skjól.

Í málsvörn Trumps kemur fram að skipulag óeirðanna hafi farið fram nokkrum dögum áður en ekki eftir ræðuhöld Trumps. Þá sé Trump ekki lengur forseti heldur almennur borgari og því sé ekki hægt að sækja hann til saka fyrir embættisbrot. Þess í stað séu fulltrúar demókrata að nýta sér vöðaverkin til að koma höggi á Trump. – kpt

Reyna að fela myglueinkenni

SAMFOK hafa óskað eftir fundi með skóla- og frístundasviði vegna myglueinkenna barna í Fossvogsskóla. Framkvæmdastjóri samtakanna segir dæmi um að börn feli einkennin fyrir foreldrum sínum.

REYKJAVÍK SAMFOK, Samtök foreldra grunnskólakennara í Reykjavík, hafa óskað eftir fundi með skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til að ræða ástand húsnæðis Fossvogsskóla og liðan barna sem finna enn fyrir myglueinkennum þrátt fyrir að búið sé að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir.


Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg voru tekin sýni um mánaðamótin nóvember/ desember í fyrra, voru svo fleiri sýni tekin síðar í desember sem send voru í tegundagreiningu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ. NÍ hefur lokið greiningu en niðurstöðurnar verða ekki gerðar opinberar fyrr en Verkis skilar skýrslu til Reykjavíkurborgar, verður það gert á næstunni.

Sigríður Björk Einarisdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, segir þetta ferli taka of langan tíma. Veik börn séu í skólanum og það liggja fyrir að veikindin megi rekja til myglu í húsnæðinu. Eitt barn er nú þegar flutt úr hverfinu og farið úr skólanum vegna mygluvandans. „Við erum komin á þann stað að börn eru farin að fela einkenni sín fyrir foreldrum vegna þess að þau eru hrædd um að þurfa að skipta um skóla.“

Fram kom í yfirlýsingu Reykjavíkurborgar sem send var í desember í kjölfar fyrirspurnar Fréttablaðsins að starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og annað starfsfólk borgarinnar sem hefur komið að málefnum Fossvogsskóla hafi ætíð hlustað á bæði foreldra og foreldraráð skólans og tekið fullt mark á þeim athugasemdum og ábendingum sem komið hafa fram. „Húsnæðið hefur allt verið tekið í gegn og komið í veg fyrir rakavandamál,“ sagði í yfirlýsingunni.

Sigríður segir mikið vantraust í garð borgarinnar. „Það vantar málsvara barnanna í kerfinu, þess vegna er svo mikilvægt að hægt sé að leita til okkar. Það á ekki að vera þannig að foreldrarinnar, sem hafa staðið sig gríðarlega vel í þessu máli, séu einir að berjast við kerfið.“

Ragnheiður Davíðsdóttir, for-



Skólanum var lokað að hluta til vorið 2019 eftir að mygla fannst í húsnæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Okkur hafa borist frásagnir af rakaskemmdum og grun um myglu frá fleiri skólum í borginni en málin eru viðkvæm og fólk forðast að ræða þau.

Sigríður Björk Einarisdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK



maður SAMFOK og áheyrnarfulltrúi foreldra barna í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar, segir að hún hafi óskað eftir því að málið verið sett á dagskrá ráðsins sem fyrst. „Það skiptir gríðarlega miklu máli að það sé gott sam-

starf milli okkar, skólans, foreldra, radda barnanna og sviðsins. Þetta sé alvöru samstarf og gert af góðum hug þannig að enginn bakki í vörn, heldur að þetta sé lagað þannig að ekkert barn finni fyrir einkennum í húsnæðinu,“ segir Ragnheiður.

Sigríður segir augljóst að mál Fossvogsskóla verði ekki það síðasta sem komi upp. „Okkur hafa borist frásagnir af rakaskemmdum og grun um myglu frá fleiri skólum í borginni en málin eru viðkvæm og fólk forðast að ræða þau,“ segir hún.

Nota þurfi reynsluna af hvað hafi gengið vel og hvað fór úrskeiðis í tilfelli Fossvogsskóla til að sambærileg máli fari ekki sömu leið. „Það er tilviljanakennt hvernig staðið er að þessu. Kársnesskóli var rifinn, farið var í viðgerðir á Fossvogsskóla en enn eru börn veik,“ segir Sigríður. „Stóra málið er fjármagn til að ferli sé til staðar, hvergi í kerfinu

verði árekstrar við opinbera aðila eða verktaka sem trúir ekki á tilvist myglu. Ef borgin getur ekki tryggt að engin skadleg mygla sé í skólahúsnæði þá verður ríkið að grípa inn í.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu leggja fram tillögu í skóla- og frístundaráði í dag um að leitað verði að myglu í nokkrum grunnskólum: Breiðagerðisskóla, Réttarholtsskóla, Hvassaleitisskóla, Álftamýrarskóla og Laugarlækjarskóla.

„Við viljum að ástand grunnskóla Reykjavíkur sé tekið út og foreldrar upplýstir um ástand húsnæðisins,“ segir Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi.

arib@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Opinbert hlutafélag tekur við rekstri Skjólgarðs á Hornafirði

STJÓRNSÝSLA „Fyrst að ástandið var orðið svona þá erum við sátta við að það sé einhver rekstraradili kominn,“ segir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar, um þá lausn að Vigdísarholt ohf., sem þegar rekur hjúkrunarheimilin Sunnuhlíð í Kópavogi og Seltjörn á Seltjarnarnesi, taki við rekstri Skjólgarðs.

Langvarandi viðræður hafa verið í gangi milli Hornafjarðar og fleiri sveitarfélaga annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar um rekstur sveitarfélaganna

á hjúkrunarheimilum. Málið hefur snúist um fjármögnun hjúkrunarheimilanna sem sveitarfélögin hafa rekið með samningi við Sjúkratryggingar.

„Þetta er vanfjármagnaður rekstur,“ segir Matthildur. Í Skjólgarði til dæmis hafi rekstrarhallinn numið 130 milljónum króna í fyrra. Það sé ekki verjandi að leggja slíkan kostnað á útsvarsgreiddendur í Hornafirði þegar hann eigi lögum samkvæmt að greiðast af ríkinu.

Aðspurð kveðst Matthildur ekki hafa neina sérstaka ástæðu til að



Skjólgarður, hjúkrunarheimilið á Höfn í Hornafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ætla að þjónustan í Skjólgarði verði lakari en nú sé þegar Vigdísarholt tekur við rekstrinum. „En það er náttúrulega hættan, ef fjárhagsramminn verður sá sem hann hefur verið, að ekki verði hjá því komist að það verði einhver þjónustuskæring. Við hræðumst það að sjálfsgöðu,“ segir hún.

Aðspurð um þá um það bil fimmtíu starfsmenn sem vinna í Skjólgarði segir bæjarstjórnin að réttindi þeirra séu tryggð í gegn um lög um aðilaskipti. Fólk haldi því vinnunni. – gar



RENAULT
PRO+

KLÁRIR Í VINNUNA

Frábærir atvinnubílar
með 5 ára ábyrgð



Renault Kangoo

Beinskiptur, 1,5l dci, 90 hestöfl.

Eldsneytisnotkun: 4,3 l/100 km.*

Verð frá: 2.895.161 kr. án vsk.

Verð frá: 3.590.000 kr. m. vsk.

Renault Trafic

Beinskiptur, 2,0 l dci, 145 hestöfl.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Eldsneytisnotkun: 5,8 l/100 km.*

Verð frá: 3.782.258 kr. án vsk.

Verð frá: 4.690.000 kr. m. vsk.

TIL AFGREIÐSLU STRAX

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo eða Trafic gengur þú að gæðunum og þægindunum vísam. Báðir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin**. Byrjaðu árið af krafti og tryggðu þér nýjan Renault.

Sendu okkur póst á atvinnubilar@bl.is eða skoðaðu úrvalið á www.renault.is.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bíla verkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL sölumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Uhunoma Osayomore



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Undanfarið ár hefur heimurinn minnkað. Áþekkar reglur hafa gilt um íbúa heimsins vegna heimsfaraldurs sem ekki fer í manngreinaralit og virðir ekki landamæri. Við erum einhvern veginn öll á sama báti, við upplifum öll skert lífsgæði og við biðum öll eftir bólusetningu. Þessi erfiða staða hefur stuðlað að sameiningu mannkyns, eða hvað?

Á sama tíma banka íslenskir lögregluþjónar upp á hjá Uhunoma Osayomore: Það á að senda hann aftur til Nígeríu, heimalandsins þar sem hann horfði upp á móður sína myrta, þar sem hann var beittur líkamlegu ofbeldi og honum var nauðgað, þaðan sem hann var seldur mansali til Líbíu.

Uhunoma er ekki nema 21 árs gamall en hefur þó á undanförunum fimm árum þurft að þola meira en flestir Íslendingar geta gert sér í hugarlund. Aðeins 16 ára gamall horfði hann upp á föður sinn myrta móður hans, sami faðir beitti hann harkalegu ofbeldi og systir hans lést af slysförum.

Hann lenti í klóm þrælasala sem seldu hann til Líbíu þar sem hann bjó við ofbeldi og erfiðar aðstæður. Hann var látinn vinna á melónuakri og gista í fjárhúsi í sjö mánuði eða þar til hann flúði á fleka til Ítalíu. Ferðin þangað gekk brösuglega og sökk flekinn með þeim afleiðingum að nokkrir farþegar drukknuðu og Uhunoma var bjargað í land. Á Ítalíu hraktist hann á milli flóttamannabúða í þrjú ár eða þar til hann komst fyrir tilviljun hingað til lands.

Á Íslandi hefur hann þrífist vel og kynnst fjölskyldu sem tekið hefur honum opnum örmum, jafnvel reynt að ættleiða hann sem ekki var mögulegt vegna aldurs. Hann býr hjá þeim og hefur sótt aðstoð vegna andlegra veikinda hér á landi, hann hefur eignast vini og fengið tilboð um atvinnu.

En honum hefur verið synjað um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Ekki vegna þess að frásögn hans um óbærilegar aðstæður sé dregin í efa heldur þar sem álit hérlendra yfirvalda er það að í Nígeríu sé hann öruggur. Þurfi hann aðstoð geti hann sótt hana til gjörspilltrar lögreglunnar í heimalandinu og við andlegum veikindum sínum geti hann leitað til einna 300 geðlækna landsins sem sinna 200 milljónum íbúa.

Uhunoma er skilgreindur sem fullorðinn einhlypur karlmaður frá landi þar sem ekki ríkir stríð svo hann er í hópi þeirra sem ólíklegastir eru til að fá alþjóðlega vernd hér á landi. Sú regla er ekki tilkomin að ástæðulausu en ef við ætlum að standa við það að vera samfélag sem ber virðingu fyrir mannréttindum þá hreinlega verðum við að skoða tilfellið betur en aðeins sem tölfræði á blaði.

Ef Nígería er svo öruggur staður hefði Uhunoma þá lent í þeim aðstæðum sem hann gerði?

Uhunoma þekkir verstu hlíðar mannlegrar tilveru – sýnum honum nú þær bestu.



Ef Nígería er svo öruggur staður hefði Uhunoma þá lent í þeim aðstæðum sem hann gerði?

Halldór



Frá degi til dags

Egill snýr aftur
Egill Helgason sneri aftur í Silfríð á sunnudaginn eftir langa fjarveru og flest bendir til þess að Egill hafi engu gleymt. Þáttinn hóf hann með stæl þegar hann atti saman Ólinu Þorvarðardóttur og Stefáni Einari Stefánssyni. Þótt ekki hafi soðið upp úr var slíkt hvergi nærri útilokað og spjallþættir fá varla betra fjörefni en tilfinningu áhorfenda fyrir því að allt geti gerst í beinni. Þá stimplaði afturgenginn Egill sjálfan sig rækilega inn í með því að setja fókussinn á stöðu drengja í menntakerfinu og uppskar víða þakkir á samfélagsmiðlum.

Ónot og óþverri
Agli var þó ekki aðeins tekið fagnandi á Facebook þar sem hann fékk einnig skammir í hattinn frá Einari Steingrímssyni stærðfræðingi þannig að allt er þá nokkurn veginn nákvæmlega eins og það á að vera. Einari ofbauð samtal Egils og Halldóru Þorsteinsdóttur, héraðsdómara og lektors, um hatusorðræðu netdólga þar sem Egill spurði hvort ekki þurfi að láta reyna meira á slíkt fyrir dómstólum. „Fína fólkið vill fá að hirta pöpulinn fyrir að tjá ljótar og vondar hugsanir.“ skrifaði Einar og sendi Agli pillu fyrir að boda hömlur á tjáningu hafandi „heilán þátt til að stjórna samfélagsumræðunni.“
toti@frettabladid.is

Afnám skerðinga á atvinnutekjur aldraðra



Sigurjón Arnórsson
framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Það er hagkvæmt fyrir íslenskt samfélag ef sem flestir vinna og rannsóknir hafa sýnt fram á að vinna og virkni á efri árum stuðlar að betri heilsu, dregur úr einangrun og hefur almennt mikið félagslegt gildi fyrir eldri borgara. Íslensk lög virðast þó hafa það að markmiði að koma í veg fyrir atvinnuþátttöku eldri borgara. Atvinnutekjur þeirra eru skertar með svo ofsafengnum hætti að fjárhagslegur ábati verður nánast enginn. Það er því með öllu óverjandi að öldruðum sé refsað fyrir atvinnuþátttöku í formi slíkra skerðinga.

Árið 2017 birti FEB (Félag eldri borgara) greinargerð um fjárhagslega stöðu aldraðra. Þar kom fram að afnám skerðinga á lífeyrisgreiðslur vegna atvinnutekna þurfi ekki að fela í sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og það er vel hugsanlegt að ríkissjóður gæti haft fjárhagslegan ávinning af aðgerðinni. Þrátt fyrir það hefur núverandi ríkisstjórn haldið því fram að afnám þessara skerðinga geti kostað ríkissjóð nokkra milljarða króna. Ef við gefum okkur að það sé rétt þá getum við samt sem áður leyft öldruðum að vinna án skerðinga með því að breyta forgangsröðinni á því hvernig við eyðum opinberum fjármunum.

Þegar farið er yfir fjárlög núverandi ríkisstjórnar rekur maður augun í alls konar furðuleg forgangsmál; 160 milljónir fara í styrki til minkaeldis, 400 milljónir hefur verið veitt í rekstrarstuðning til fjölmiðla sem flestir eru í eigu ríkra auðmanna og RÚV kostar okkur fimm milljarða á hverju ári, auk þess að fá u.þ.b. tvo milljarða í auglýsingatekjur sem annars myndu dreifast á aðra fjölmiðla. Síðustu ár hefur ríkið greitt um fimm milljarða króna styrk til stjórnmalaflokka. Þótti flestum það nóg, en þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda tók hún þá ákvörðun að hækka styrki úr ríkissjóði til stjórnmalaflokka um 127 prósent.

Með réttum forgangi er hægt að afnema skerðingar á atvinnutekjur aldraðra núna strax. Eina sem vantar er vilji stjórnvalda.



Íslensk lög virðast þó hafa það að markmiði að koma í veg fyrir atvinnuþátttöku eldri borgara.

Áleitnar um spurningar um Ísland sem tilraunaland

Vilhjálmur Árnason
prófessor í heimspeki og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Eyja Margrét Brynjarsdóttir
prófessor í heimspeki og hagnýtri siðfræði við Háskóla Íslands

Finnur Dellsén
dósent í heimspeki við Háskóla Íslands

Hlynur Orri Stefánsson
dósent í hagnýtri heimspeki við Stokkhólmsháskóla

Sigurður Kristinsson
prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri



Okkur finnst því eðlilegt að almenningur sé upplýstur um þessa rannsókn og samfélagsleg áhrif hennar. Það er forsenda þess að hægt sé að ástunda upplýsta umræðu um málið. Í því skyni vörpum við framspurningum í nokkrum liðum sem æskilegt væri að fá svör við.

Að undanförunu hafa verið fréttir af því að íslensk sóttvarnaryfirvöld hafi farið þess á leit við lyfjafyrirgjafið Pfizer að Ísland verði tilraunaland fyrir fjórða fasa rannsókn á bóluefni fyrirtækisins við kórónuveirunni. Um leið og viðurkennt er að það sé siðferðilega vafasamt að reyna að fá sérstakan forgang fram yfir aðrar þjóðir sem búi við alvarlegri vanda en Íslendingar, er því haldið á lofti að um yrði að ræða mikilvæga rannsókn sem gagnast myndi allri heimsbyggðinni.

Því hefur verið haldið fram að héraðs séu sérstaklega góðir innviðir til slíkrar rannsóknar en ekki hafa komið fram skýringar á því í hverju gagnsemi þessarar rannsóknar sé fölginn eða hvað hún gæti falið í sér fyrir landsmenn og aðrar þjóðir. Okkur finnst því eðlilegt að almenningur sé upplýstur um þessa rannsókn og samfélagsleg áhrif hennar. Það er forsenda þess að hægt sé að ástunda upplýsta umræðu um málið. Í því skyni vörpum við framspurningum í nokkrum liðum sem æskilegt væri að fá svör við.

Á okkur leita í fyrsta lagi spurningar um vísindalegt gildi og hnatt-ræna gagnsemi rannsóknarinnar. Er líklegt að hér verði aflað þekkingar sem muni hafa þýðingarmikið yfirfærslugildi fyrir þjóðir sem búa flestar við aðstæður sem eru gerólikar okkar? Hvaða rök eru

fyrir því að rannsóknin fari fram hér á landi í ljósi þess að skortur er á bóluefni um allan heim um fyrirsjáanlega framtíð, sér í lagi hjá fátækari ríkjum heims? Bent hefur verið á að innviðir íslenska heilbrigðiskerfisins séu sterkir og því vel til þess fallnir að hýsa rannsókn af þessu tagi. Á móti kemur að telja má víst að bólusetning af þessari stærðargráðu gæti bjargað fleiri mannlífum í löndum eða borgum þar sem heilbrigðiskerfi standa nú þegar höllum fæti. Yrði ávinningur þátttakenda því ef til vill meiri ef rannsóknin færi fram annars staðar?

Í öðru lagi eru knýjandi spurningar sem varða siðferðilegt réttmæti rannsóknarinnar. Til dæmis: Hvernig á að afla samþykkis fyrir

þátttöku í rannsókninni? Verður þátttaka einstaklinga skilyrði fyrir því að þeir fái bólusetningu? Hvað með stöðu þeirra sem vilja ekki taka þátt í rannsókninni? Rætt hefur verið um að bólusetja eigi tiltekinn hluta þjóðarinnar (60% hefur verið nefnt) til að kanna hjarðónæmi. Yrði þá beðið með að bólusetja þann hluta sem eftir stendur þar til rannsókninni lýkur, jafnvel þótt nægt framboð væri á bóluefni? Einnig er mikilvægt að spyrja hvaða gagna yrði aflað með rannsókninni og hverjir fengju aðgang að þeim? Er áhætta fölginn í því að heil þjóð verði rannsóknarþýði fyrir alþjóðlegt lyfjafyrirtæki?

Í þriðja lagi vakna svo spurningar sem varða lýðræði og alþjóðasamstarf. Hvernig verður reynt að tryggja lýðræðislegt lög-mæti rannsóknar sem varðar alla þjóðina? Hvernig samrýmist slík rannsókn markmiði Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og annarra alþjóðastofnana um að tryggja jafnt aðgengi allra þjóða að bóluefni? Er samstarfi Íslendinga við önnur ríki ef til vill teflt í hættu með þessari rannsókn og er hættu á að hún gæti skaðað orðspor þjóðarinnar?

Upplýst samfélagssumræða er mikilvægur aðdragandi svona rannsóknar, en hún tekur tíma. Í núverandi ástandi getur verið freistandi að ýta til hliðar erfidum spurningum en það er hluti af góðu rannsóknasiðferði og lýðræðismenningu að gefa þeim gaum.

Óvæntir sigrar



Jóhann R. Benediktsson
markaðsstjóri Curron og stjórnarmaður í Samtökum upp-lýsingatækni-fyrirtækja, SUT

Við verðum öll að gera betur og leggja okkur ákveðnar fram til að byggja upp öflugt atvinnulíf sem þarf til að standa undir vaxandi velferð og öldrun þjóðarinnar. Í nýlegri grein Sigríðar Mogensen, sviðsstjóra hugverkasviðs Samtaka iðnaðarinnar, hvetur hún okkur til að sækja tækifærin og bendir á með réttu að fjárfesting í nýsköpun muni ráða úrslitum um framtíðarlíf skjör á Íslandi. Við höfum verið eftirbátar annarra þjóða í nýfjárfestingu sem er þróun sem við verðum að snúa við. Sem betur fer eru stjórnvöld að vakna til vitundar um þessa stöðu og hafa nú á skömmum tíma gert mjög margt til að bæta rekstrarumhverfi nýsköpunar og fyrirtækja. Því ber að fagna.

Það er mikilvægt að líta heild-

stætt á málin til að ná hámarks árangri. Góður árangur næst í nýsköpun ef allir kræftir toga í sömu átt. Gott menntakerfi sem skilar öflugum vinnuafli, hagstætt skattaumhverfi og skattaagir hvarar, sterkir nýsköpunarsjóðir, lágir vextir og svo framvegis. Mikil gerjun er á öllum þessum sviðum og viðs vegar er mikil vinna í gangi við að efla og gera betur. Þess þarf.

Nýverið hafa margar fréttir borist af vendingum í nýsköpun og hugverkaiðnaði. Erlendir fjárfestar hafa eignast LS Retail sem er fyrirtæki sem hefur verið að blómstra í langan tíma, sem þýðir að þarna hefur miklum árangri verið náð. Hugbúnaðarfyrirtækið Sidekick sótti nýverið hátt í 3 milljarða í nýtt hlutafé og svo berast upplýsingar um íslensk hugbúnaðarfyrirtæki sem eru að vaxa hratt og dafna.

Dæmi um slíkt er Controlant sem er með hátt í eitt hundrað starfsmenn í vinnu og virðist vera á leið upp á stjórnuhiminn. Hér eru mikil ný verðmæti að verða til og mörg dýrmæt störf að skapast. Þetta virðast vera óvæntir sigrar fyrir íslenskt atvinnulíf og sam-



Við höfum verið eftirbátar annarra þjóða í nýfjárfestingu sem er þróun sem við verðum að snúa við.

félagið allt og hvatning til allra í nýsköpun að sækja ákveðnar fram og bæta starfsumhverfið enn frekar. Í dag eru helstu áherslumál hugverkaiðnaðar í samtali við stjórnvöld að nýsköpunarsjóðir og skattahvatar verði áfram eflidir og að liðkað verði enn frekar fyrir komu erlendra sérfræðinga og frumkvöðla til Íslands. Hin alþjóðlega samkeppni er hörð og óvægin í heimi nýsköpunar og Ísland á enn á brattann að sækja. Við eigum að sækja mannaúð og þekkingu, fjármagn og laða beina fjárfestingu til Íslands eins og frekast er kostur.

Við erum á réttri leið og vonum að nýtt ár beri með sér fleiri óvænta sigra.

RISA ÚTSALA

LOKAVIKAN

EKKI MISSA AF ÞESSU

Allt að

60%

afsláttur



EDE

3ja sæta sófi og stóll í dökkgráu áklæði. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járn. Glæsileg, tímalaus hönnun.

3ja sæta, áklæði: 205 x 95 x 82 cm

69.995 kr. ~~139.990 kr.~~

Stóll í áklæði: 93 x 95 x 82 cm

44.995 kr. ~~89.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR

OSLO

Skemmtilegur sófi í klassískum stíl. Rústrautt falllegt sléttflauel og viðarlitir fætur. Stærð: 234 x 91 x 80 cm

129.995 kr. ~~259.990 kr.~~



EMPIRE

Nettur en klassískur La-Z-Boy hægingastóll. Grátt áklæði.

49.995 kr. ~~99.980 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



HÚSGAGNA HÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFIRÐI
Sími: 558 1100



SPORT

DORMA

Láttu drauminn rætast

Ótrúleg útsala í fjórum
búðum og á dorma.is

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is

VEFVERSLUN
ALLTAF
OPINDORMA { ALLT AÐ
útsalan } 60%
AFSLÁTTURLOKAVIKAN
EKKI MISSA AF ÞESSUÚTSALA
20%
AFSLÁTTURPURE COMFORT
fibersæng

Létt og þægileg fibersæng.

Stærð: 140x200 cm. Sængin er 300g. Má þvo á 60°C

Fullt verð: 9.900 kr.

Aðeins 7.920 kr.

PURE COMFORT
fiberkoddiLéttur, ódýr og
þægilegur
fiberkoddi.

Stærð kodda:

50x70cm. 700g.

Má þvo á 60°C..

Fullt verð: 3.900 kr.

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

Aðeins 3.120 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast



Úr leik Selfoss í körfunni þar sem ungir leikmenn fá að æfa við góðar aðstæður. MYND/KÖRFUBOLTADEILD SELFLOSS

Selfoss semur við Betis

Samningur milli körfuboltaakademíu Selfoss og spænska félagsins Real Betis var undirritaður fyrir helgi. Félögin vinna að umgjörð og þróun leikmanna.

KÖRFUBOLTI Selfyssingar hafa skrifað undir samning við spænska félagið Real Betis um samstarf við uppbyggingu ungra og efnilegra leikmanna til að undirbúa þá fyrir hæsta getustig körfuboltans. Félögin munu vinna að sameiginlegri, faglegri sýn varðandi liðsuppbyggingu, umgjörð, þróun leikmanna frá öllum hliðum og hinum æðri markmiðum körfuboltans. Búið er að vinna í heilt ár að samningnum.

Real Betis leikur í ACB deildinni á Spáni sem er af mörgum talin sú næstbesta í heimi á eftir NBA deildinni og hefur þegar einn leikmaður komið til Selfyssinga frá Betis, Kennedy Clement sem er 18 ára og yngri landsliðsmaður Spánar.

Vinnan við samninginn hófst að frumkvæði þjálfarans Chris Caird sem hefur staðið í ströngu samkvæmt Gylfa Þorkelssyni, formanni körfuboltaeildarinnar. „Þetta er spennandi samstarfsverkefni sem við erum komnir í og varðar uppbyggingu akademíu okkar. Við fáum hjá þeim þjálfara og einn leikmaður hefur verið hjá okkur í vetur. Það eru opnar leiðir fram og til baka fyrir unga leikmenn. Annars vegar fyrir okkar stráka að sjá tækifæri til að komast á mála hjá þeim og hins

Pað eru fimm strákar frá Englandi, einn frá Póllandi og einn frá Slóveníu í akademíunni okkar til að vera í þessu umhverfi.

Gylfi Þorkelsson, formaður Körfuboltafélags Selfoss



vegar frá þeim fyrir stráka sem eru ekki að fá margar mínútur til að koma í akademíuna okkar,” segir Gylfi.

Hann segir að körfuboltaeild Selfoss sé ekki með marga þúsundkalla á milli handanna og það hafi því verið ákveðið að ala upp leikmenn. „Við erum að horfa í að byggja upp unga leikmenn. Það eru sumir sem segja að það sé rétta leiðin. Við erum ekki að spenna bogann með fullt af atvinnumönnum. Við keppum ekki við það og tökum þennan pól í hæðina. Byggjum upp ungvíðið og bjóðum upp á fag-

legt, gott og sterkt starf sem stenst kröfur.“

Gylfi bendir á að Spánn sé með bestu deildina í Evrópu þannig að hann trúir því að þjálfarar og aðrir sem koma nálægt starfinu hjá Real Betis viti hvað þeir komi með til borðsins. „Þeir hljóta að hafa einhverja hugmynd um hvernig eigi að gera hlutina,” segir hann léttur.

Gylfi bendir á að akademíunni við FSU sé í boði bæði fyrir stráka og stelpur en þar er unnið eftir umhverfi sem Selfoss vill skapa. Það hafi tekist ágætlega í hinum boltaíþróttunum, hand- og fótbolta. „Þetta er mikilvægt skref í þá átt að það sé faglegt og gott starf. Það eru fimm strákar frá Englandi, einn frá Póllandi og einn frá Slóveníu í akademíunni okkar til að vera í þessu umhverfi.“

Hann vonast til að körfuboltaakademían taki næsta skref með þessum samningi en hún var sett á laggirnar árið 2005. Síðan komu hand- og fótboltinn í kjölfarið, fimleikar, frjálsar íþróttir og svo golfakademía sem stofnuð var árið 2020. „Við erum að taka næsta skref fram á við að okkar mati með þessum samningi. Þetta er spennandi verkefni.“ benediktboas@frettabladid.is

Hamilton framlengir samning um ár

FORMÚLA 1 Lewis Hamilton skrifaði undir eins árs samning við Mercedes-liðið í Formúlu 1 í gær. Tilkynnt var um samninginn á Twitter. Spekingar voru ekki lengi að leggja saman tvo og tvo og fá út fjóra og segja að 2021 verði síðasta árið hans í Formúlunni þó Hamilton hafi aldrei sagt neitt annað en að hann vilji halda áfram. Hamilton fær 40 milljónir punda fyrir árið eða sjö milljarða.

Samkvæmt erlendum miðlum var ástæðan fyrir því að hann skrifaði undir skammtíam samning sögð sú að verið væri að vinna í lengri samningi sem Mercedes er ekki viss hvort það vilji gera. Er Hamilton sagður vilja 10 prósent af öllu verðlaunafé sem Mercedes fær. Ef hann myndi vinna titilinn enn á



Lewis Hamilton verður áfram hluti af Mercedes. FRÉTTABLAÐID/GETTY

ný eins og sá síðasti vannst myndi hann fá 13 milljónir punda í vasann eða rúmlega tvo milljarða. Þetta eru ekkert sérstaklega háar upphæðir í Formúlunni en Covid hefur komið við kappaksturinn eins og flest annað og því er Mercedes að vinna í aðeins öðruvísi fjárhagsáætlun en

oftast áður.

Þá er Hamilton sagður vilja fá svokallað Veto atkvæði sem þýðir að hann myndi fá atkvæðisrétt á liðsfélaga fari svo að Mercedes losi sig við Valtteri Bottas.

Íslandsvinurinn Jim Ratcliffe, eiginandi Ineos, gerði fimm ára samning við Mercedes í fyrra og samkvæmt erlendum miðlum var Ineos svo afþjád í að halda Hamilton að það var tilbúið að greiða meirihluta launa hans.

Hamilton er orðinn 35 ára en það er ekkert farið að hægjast á kappanum eða bilunum sem hann ekur. Hann hefur unnið sjö heimsmeistararitla og vantar einn í viðbót til að slá við sjálfum Michael Schumacher sem sigursælasti ökumaður allra tíma í Formúlunni. – bb

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Cheerios
síðan
1991

Amar Freyr, tónlistarmaður

Cheerios
síðan
1992

Salka Sól, tónlistar- og leikkona

Cheerios
síðan
2020

Una Lóa

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Gunnar Jóhannsson

Hlynsölum 3, Kópavogi,

lést laugardaginn 30. janúar.
Útförin fer fram frá Lindakirkju
fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13 að
viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Streymt
verður frá athöfninni www.lindakirkja.is/utfarir

G. Inga Elíasdóttir

Einar Gunnarsson

Elísabet Þórðardóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Ragnheiður Pétursdóttir
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Age Steinsson

sem lést á Landspítalanum
föstudaginn 5. febrúar, verður
jarðsönginn frá Kópavogskirkju
fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar
og vinir viðstaddir útförina, sem verður streymt á
promynd.is/age

Torfi Steinsson

Árni Steinsson

Bryndís Steinsson

Eva Steinsson

Sjöfn Heiða Steinsson

Steinn Ágúst Steinsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Tina Weber

Kristrún Gísladóttir

Örn Eyjólfsson

Kristján Guðjónsson

Halldór Þorgeirsson

Susi Haugeard



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langlangafi,

Elias Gunnlaugsson

frá Gjabakka í Vestmannaeyjum,
síðast til heimilis að Hraunbúðum í
Vestmannaeyjum,

lést föstudaginn 5. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Hjördís Elíasdóttir

Björk Elíasdóttir

Viðar Elíasson

Hannes G. Thorarensen

Stefán Örn Jónsson

Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Richard Hannesson

Suðurlandsbraut 60, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk
sunnudaginn 31. janúar. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 11. febrúar
klukkan 13.00. Allir eru hjartanlega velkomnir svo lengi
sem pláss leyfir í ljósi aðstæðna. Útförinni verður streymt
á www.utfor-richard-hannesson.is

Ingibjörg Ásmundsdóttir

Ásmundur R. Richardsson

Guðrún Sigurðardóttir

Hannes R. Richardsson

Ragnhildur M. Kristjánsdóttir

afabörn og langafabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Lýður Benediktsson

frá Kirkjubóli við Steingrímsfjörð,
Hvassaleiti 58 í Reykjavík,

lést á Landspítalanum 7. febrúar 2021.
Útför verður auglýst síðar.

Helga Valdimarsdóttir

Ragnheiður Lýðsdóttir

Linda Bára Lýðsdóttir

tengdasynir og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Helgi Kristmundur Ormsson

rafvirkjameistari,

lést í Brákarhlíð Borgarnesi
föstudaginn 5. febrúar.
Útför verður auglýst síðar.

Hilmar Helgason

Kristján Helgason

Sigríður S. Helgadóttir

Helgi Örn Helgason

Puríður Helgadóttir

Hrefna Traustadóttir

Stefán Aðalsteinsson

Kerstin Bruggemann

Sigurður Ó. Kristófersson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín, amma,
langamma og systir,

Kristín María Jónsdóttir

Dúfnahólum 4,

lést á Landspítalanum Hringbraut,
laugardaginn 30. janúar.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju,
föstudaginn 12. febrúar kl. 13. Við þökkum Kvinnadeild
Landspítalans fyrir góða umönnun.

Vignir Pétursson

Íris Dögg Vignisdóttir

Andri Heimir Vignisson

Ásbjörn Arnar Jónsson

Kristinn Þór Jónsson

Elin Jonsdóttir Collstrup

Anja Nicole Jonsdóttir Collstrup

langömmubörn og systkini hinnar látnu.

Alda Þorsteinsdóttir

Halldór Freyr Sveinbjörnsson

Alexandra Líf Atladóttir



Elskulegur faðir okkar, stjúpfaðir,
tengdafaðir og afi,

Karl Guðnason

Hjallaseli 55,

lést á heimili sínu 2. febrúar.
Útförin fer fram í Lágafellskirkju
12. febrúar kl. 15.

Guðrún Björg Karlsdóttir

Kolbrún Kristín Karlsdóttir

Jón Einar Karlsson

Svandís Bára Karlsdóttir

Sigurbjörn Karlsson

Friðrik Karlsson

Sigurjón Geirsson

Einar Berg Gunnarsson

Steinunn Gunnarsdóttir

Laufey Birkisdóttir

og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Anna Lilja Þorvaldsdóttir

Stekkjargötu 13, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
miðvikudaginn 3. febrúar.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju,
föstudaginn 12. febrúar kl. 13.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur
vera viðstaddir athöfnina.

Ólína Margrét Haraldsdóttir

Snjólaug Kristín Jakobsdóttir

Jakob Hafsteinn Hermannsson

Anna Lilja Hermannsdóttir

Snædís Anna Valdimarsdóttir

Valdís Lind Valdimarsdóttir

Margrét Birna Valdimarsdóttir

Hermann Borgar Guðjónsson

Valdimar Örn Valsson

Brynja Huld Hannesdóttir

Vilhjálmur Sigurðsson

Styrmir Mátsson

Ísak Rúnar Ólafsson

Páll Axel Vilbergsson

barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Okkar ástkæra

Stefanía Sjöfn Sófusdóttir

lést á krabbameinsdeild
Landspítalans sunnudaginn 31. janúar.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 12. febrúar klukkan 13.00.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11e á
Landspítalanum við Hringbraut og starfsfólk Heru.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja
mínast hennar er bent á ljósið.

Kristinn Stefánsson

Guðmundur Emil Jónsson

Oddný Jónsdóttir

Ásgeir Arnar Jónsson

Margit Elva Einarsdóttir

Jón Ingi Theódórsson

Ragnheiður Björg Harðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Útför elsku móður okkar og
tengdamóður,

Hólmfríðar Valdemarsdóttir

frá Húsavík,
Diddu á Uppsölum,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir,
31. janúar síðastliðinn, verður frá
Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 11. febrúar nk. kl. 15.00.
Athöfninni verður streymt á slóðinni:
youtu.be/_SdsDMi7XcA

Árnina Kristín Dúadóttir

Björn Dúason

Auður Dúadóttir

Ólafur J. Straumland

Gunnar J. Straumland

Þórir V. Þórisson

Guðrún Magnúsdóttir

Anna G. Torfadóttir

og fjölskyldur.



Ég vil senda einlæg þakki til ykkar
allra sem hafið sýnt okkur samúð,
vináttu og hlýhug við andlát og útför
okkar ástkæra eiginmanns og föður,

Stefáns Karlssonar

vinar, fyrirmyndar og
okkar stoðar og stytta,
Fagrahalla 92, Kópavogi.

Án ykkar hefðum við ekki getað farið í gegnum síðustu
daga, stuðningur ykkar hefur verið ómetanlegur og fyrir
það verðum við ævinlega þakklát.

Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir

Kristófer Stefánsson

Rúnar Stefánsson

Ingimar Stefánsson

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



Við tökum vel á móti ástvinum
í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

HEIMILI

ÞRIÐJUDAGUR 9. FEBRÚAR 2021

Heimili



Dísa T. hefur gaman af að skreyta heimili sitt og gerir það algjörlega eftir eigin höfði. Fyrir ofan hana er lampi úr geitahöfuðkúpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skar út falleg listaverk í höfuðkúpur og bein

Listakonan Dísa T. hefur gaman af að skreyta heimili sitt. Hún fer eigin leiðir í því og heldur sig ekki við einn stíl. Á heimili Dísu má finna veggfóður frá sjöunda áratugnum, annað svart í goth stíl og grænt horn fullt af plöntum. ➔2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Disa sker út í horn og bein og býr til úr því alls kyns listaverk. Hún gefur verkin oft í gjafir en hefur líka selt nokkur.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Disa segir hlæjandi að nú orðið hafi hún mjög gaman af því að hafa fint í kringum sig en það hafi ekki alltaf verið þannig.

„Ég er farin að vilja hafa meiri liti og ég held mig ekki við einn stíl heldur blanda ég mörgum saman. Ég er með gothic stíl inni hjá mér, 60's, 70's og bara alls konar. Ég hef til dæmis verið að gera upp tvo gamla stóla og gamlan skáp. Þetta er allt út sitthvorri áttinni en ég hef þetta saman. Mér finnst það bara fint. Á ganginum hjá mér er til dæmis 60's veggfóður og gamall símastóll, svo kemurðu inn í stofu og þar er satanískt gothic veggfóður og svo kemurðu lengra inn í stofu og þar er allt grænt og útbíað í plöntum,“ segir hún.

Disa hefur aðeins verið að gera upp gömul húsgögn undanfarið en hún segist ekki hafa gert það lengi. „Ég bjó í svo rosalega lítilli íbúð. En það eru meira en tíu ár síðan ég flutti þaðan samt. En fyrir svona fimmtán árum þá keypti ég alveg eldgamalt veggfóður í Friðu frænku. Það er brúnt 60's veggfóður. Ég sat á því eins og egg í hreiðri og beið eftir því að tíma að nota það. Eftir að ég flutti úr litlu íbúðinni þá bjó ég alltaf í leiguhúsnæði og ég tímði ekki nota veggfóðrið í leiguhúsnæði. En núna er ég komin með öruggt húsnæði svo ég tímði loksins að nota það. Þá ákvað ég að fara að gera fint,“ segir hún.

Hún setti veggfóðrið upp í íbúðinni og fór að mála og gera upp húsgögn.

„Ég átti rókókkóstól sem var með fullkomnu efni til að mála. Málningin síaðist alveg inn í efnið og það varð alveg kolbikasvart. Það var búið að mála grindina á honum hvíta og það hafði farið aðeins inn á efnið svo hann var rosalega ljótur. Ég lakkaði grindina svarta og málaði efnið svart það kom mjög vel út. Ég hef keypt mikið af mjög ódýrum húsgögnum eða fengið gefins sem ég hef gert upp. Ég hef til dæmis fengið gefins náttborðsskáp sem var orðin mygladur og leit út eins og hann hefði staðið í fjósi í mörg ár. En ég lagaði hann, málaði og setti á hann gamalt veggfóður. Nú er ég ekkert vel efnuð svo maður reddar sér svona. Ég nýti mér mikið nytjamarcaði, antik-síður og



Litirnir í þessu fallega fjólubláa og svarta badherbergi setja svip á rýmið.



Hér sést græna hornið í stofunni þar sem plönturnar og dagsbirtan njóta sín.



Veggfóðrið keypti Disa í Friðu frænku. Hún tímði ekki að setja það upp í leigubúð og beið því í mörg ár eftir öruggu húsnæði til að geta notað það.



Rókókkóstólana gerði Disa upp og málaði. Blái skápurinn var náttborð sem var illa farið. Amma Disu átti borðið en Disa gerði það upp og málaði það.



Goth stíl setur svip á þetta horn í stofu Disu. Málverkið The belly and the beast er eftir listakonuna Hrafn-Sunnu sem er í miklu upphaldi hjá Disu.

gefins-síður til að finna húsgögn. Fólk er oft að gefa mjög flotta hluti sem hægt er að nýta vel,“ segir Disa.

Sker út í bein og horn

Disa er með alls kyns skraut og listaverk á veggjunum bæði eftir sjálfa sig og aðra. Þar hanga meðal annars útskornar höfuðkúpur af dýrum, sem hún hefur sjálf skorið út en á Facebook síðunni Skrapari Heimis og Njarðar og á Instagram síðunni Skrapari_heimis_og_njarðar má skoða verk eftir hana.

„Ég kaupi hausana eða fæ þá gefins. Um daginn fékk ég til dæmis sjálfdaðan hrút gefins og ég hef verið að hreinsa hann. Ég sker út í hauskúpurnar og líka út í bein og

horn. Það eru tveir geitahausar á veggnum hjá mér sem ég skar út og setti ljós inn í þá. Það kemur mjög vel út uppi á vegg,“ segir Disa.

„En svo fíla ég líka að hafa listaverk uppi á vegg eftir aðra. Ég er t.d. með nokkur eftir Hrafn-Sunnu. Hún kallar sig Hrafn-Sunna á Facebook. Stóra málverkið af ánni er eftir hana en hún er með brjáláð flottan stíl. Ég á fjögur verk eftir hana.“

Disa segist nota mikið af því sem hún sker út í gjafir. „Ég hef líka verið að selja eitthvað en ég er mest að þessu fyrir sjálfa mig. En ég á samt orðið miklu meira en ég hef pláss fyrir svo ef fólk vill kaupa þá er nóg til.“

Upplýsingataekni

ÞRIÐJUDAGUR 9. FEBRÚAR 2021


Kynningar: Godo, Advania, TM, Leikbreytir, Netheimur, Syndis, Unimaze, Tölvuaðstoð.



„Við leggjum bæði gríðarlega mikið upp úr fyrirtaks þjónustu og sífelldri þróun til að nýta okkur nýjustu tækni,“ segir Haukur Birgisson, forstöðumaður hjá Godo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sparar mikinn tíma og kostnað

Hugbúnaðarfyrirtækið Godo býður margvíslegar hugbúnaðarlausnir fyrir ferðaþjónustuna. Ein þeirra er Travia sem einfaldar öll samskipti milli ferðaskrifstofa, hótela og annarra gististaða. →2



Godó býður upp á framúrskarandi hugbúnað fyrir ferðaþjónustuna, bæði er snýr að hótélrekstri og ferðaskrifstofum.

Framhald af forsiðu →

Godó var stofnað árið 2012 og fór fljótlega að bjóða upp á hótélkerfið Property sem fjölmörg hótél og gististaðir af öllum stærðum og gerðum hérlendis og erlendis nýta sér. „Fljótlega fundum við fyrir þörf á markaðnum fyrir hugbúnaðarlausn sem myndi einfalda ferla og samskipti milli hótela og ferðaskrifstofa og hófst þá vinna og þróun að Travia,“ segir Haukur Birgisson, forstöðumaður ferðaskrifstofulausna hjá Godó.

Fyrirtækið leggur mikið upp úr að bjóða upp á framúrskarandi hugbúnað fyrir ferðaþjónustuna, bæði er snýr að hótélrekstri og ferðaskrifstofum. „Við leggjum bæði gríðarlega mikið upp úr fyrirtaks þjónustu og sífelldri þróun til að nýta okkur nýjustu tækni.“

Byggt á tækniforski

Hugbúnaðurinn Travia gagnast bæði hótélum og gististöðum ásamt ferðaskrifstofum að sögn Hauks. „Tæknin í kringum ferðaþjónustu hefur vaxið í veldisvexti síðustu ár og mörg gríðarlega spennandi fyrirtæki hafa sprottið upp sem byggja á tækniforski. Hins vegar hefur þróun á hugbúnaði sem tengir saman ferðaskrifstofur og gististaði gleymst í jöfnunni.“

Hann segir t.d. mjög skritið að á meðan samskipti milli gisti- staða og ferðamanna, sem kjósa að versla beint af netinu, séu mjög skilvirkir standi ferðaskrifstofur enn í því að senda tölvupósta og biði stundum dögum saman eftir staðfestingu, jafnvel frá sama birgja. „Ferðamaður getur bókað flug, hótél, bíl og afþreyingu og jafnvel borð á veitingastað á einni og sömu heimasíðunni á nokkrum mínútum og fengið allt saman staðfest um leið með videigandi

“ Ferðamaður getur bókað flug, hótél, bíl og afþreyingu og jafnvel borð á veitingastað á einni og sömu heimasíðunni á nokkrum mínútum og fengið allt saman staðfest um leið með videigandi kvittunum og staðfestingum frá birgjum. Því er öðruvísi háttáð með ferðaskrifstofum sem hætta á að missa viðskiptavinum meðan beðið er eftir svari frá birgjum í tölvupósti.“


kvittunum og staðfestingum frá birgjum. Því er öðruvísi háttáð með ferðaskrifstofum sem hætta á að missa viðskiptavinum meðan beðið er eftir svari frá birgjum í tölvupósti.“

Skilvirkari samskipti

Markmiðið með Travia er að gera samskiptin á milli þessara tveggja aðila markviss, skilvirk og einföld þar sem ferðaskrifstofan getur bókað, breytt bókun og afbókað bókun án þess að þurfa að biða eftir svari með tölvupósti frá starfsmanni gististaðarins. „Á sama tíma fær gististaðurinn staðfesta bókun í kerfið sitt og þarf enga handavinnu frá starfsmanninum. Það virðisloforð sem við bjóðum upp á getur gefið bæði ferðaskrifstofum og gististöðum mikið samkeppnisforski og sparað mikinn tíma og þannig kostnað.“

Að auki geta ferðaskrifstofur sótt sér frátekningar, sótt lægsta mögulega verð sem völ er á og verið þannig samkeppnishæf stærstu sölusíðunum bætur Haukur við.

„Með þessari einföldun á samskiptum verða báðir aðilar mun skilvirkari en áður og reksturinn verður arðbærari og sjálfbærri fyrir vikið.“



Notendur Travia nefna margir að hugbúnaðurinn sé byltingarkenndur.

Mikil tækifæri

Haukur segir að á Covid-tímum hafi starfsmenn lagt sig alla fram við að viðhalda þeirri þróun og hraða sem einkenni „venjulegt“ árferði. „Við teljum að núna séu mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustuna til þess að núllstillja sig og nýta sér stafræn kerfi mun betur en áður. Okkur hefur bæði tekist vel til að sinna viðskiptavinum okkar, sækja nýja viðskiptavinum og kenna þeim betur á hugbúnað okkar svo þeir séu tilbúnir fyrir komandi átök og viðspyrnu ferðaþjónustunnar.“

Notendur Travia nefna margir að hugbúnaðurinn sé byltingarkenndur þar sem öll samskipti séu nú einfölduð og boðleiðir stytta. „Nýjustu viðskiptavinir okkar nefna einnig að þeir séu að nýta tímann núna sem þeir höfðu ekki áður til að tileinka sér tæknina, sem mun koma sér vel þegar ferðaþjónustan kemst á strik aftur.“

Ferðaskrifstofur munu skapa mikilvægan sess í viðspyrnu ferðaþjónustunnar eftir Covid, að sögn Hauks, vegna þess að ferðamenn munu að öllum líkindum sækja sér aðgengi þeirra vegna trygginga-

mála, betri afbókunarskilmála og betri þekkingu á staðhættum. „Samkvæmt nýrri könnun hjá Íslandsstofu er vaxandi trú ferðaheildsala á Íslandi mikil og rennir það styrkum stöðum undir mikilvægi ferðaskrifstofa í endurreisn og viðspyrnu ferðaþjónustunnar.“

Spennandi verkefni

Undanfarið hafa starfsmenn verið í markvissri kynningarstarfsemi á Travia hugbúnaðinum fyrir ferðaskrifstofur og hefur það gengið vonum frammar að sögn Hauks. „Ferðaskrifstofur virðast vera tilbúnar til þess að nýta sér hugbúnaðinn til að einfalda bókunarhlíðina til muna þegar ferðaþjónustan tekur við sér. Við höldum ótraud áfram að kynna hugbúnaðinn okkar fyrir nýjum viðskiptavinum og höldum áfram að kenna núverandi viðskiptavinum okkar á hugbúnaðinn, þ.e. hvernig á að nota hann á sem bestan hátt ásamt því að vera í góðum samskiptum við viðskiptavininn til þess að við séum viss um að við séum að þróa réttu hlutina.“

Á sama tíma er fyrirtækið að vinna í gríðarlega spennandi verk-

» Í gegnum tíðina hafa verið hér gríðarlega frambærileg tæknifyrirtæki og afrakstur þeirra hefur verið til fyrirmyndar í gegnum tíðina.

efni í Suður Afríku segir Haukur. „Þar hefur mjög stór ferðaskrifstofa ákveðið að nýta sér Travia til þess að bóka á þau hótél sem þau nota fyrir ferðamenn sína. Þetta er stórt verkefni þar sem við þurfum að innleiða tugi hótela sem hvert hefur yfir mjög hundruð herbergjum að ráða, ásamt því að sinna kennslu og öðru sem við kemur innleiðingu hugbúnaðarins.“

Bjartsýnn á framtíðina

Haukur er nokkuð bjartsýnn á framtíð upplýsingatækninnar hér á landi. „Í gegnum tíðina hafa verið hér gríðarlega frambærileg tæknifyrirtæki og afrakstur þeirra hefur verið til fyrirmyndar í gegnum tíðina. Ísland hefur skapað sér sess á heimsvísu þegar kemur að hugbúnaði og öðrum vörum tengdum upplýsingatækni og markað sér mjög góða stöðu.“


Hann telur að upplýsingatækni og umsvif hennar á Íslandi muni einungis vaxa, sérstaklega með allri þeirri þekkingu sem er hérlendis ásamt því að hingað sækja í auknum mæli alþjóðleg fyrirtæki til að opna útibú eða ráða til sín starfsfólk. „Það leynast mikil tækifæri víðs vegar í upplýsingatæknigeiranum á tímum Covid og mörg fyrirtæki hugsa nú hvernig hægt sé að nýta tækni til þess að vera enn skilvirkari, sjálfbærri og reka þannig arðbærari rekstur til framtíðar.“



Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu





Atli Örn Egilsson, sölusérfræðingur hjá Advania, segir að markmið Advania sé að spara fólki sporin þannig að það þurfi ekki að flakka um til að fá undirritanir á skjöl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Signet sparar fólki sporin

Signet veflausnin frá Advania gerir fólki kleift að undirrita skjöl og samninga rafrænt. Þannig einfaldar Signet rekstur fyrirtækja, bætir þjónustu og minnkar kolefnisspor fyrirtækjanna.

Advania býður upp á veflausnina Signet til að undirrita skjöl rafrænt á þægilegan og einfaldan hátt.

„Okkar markmið er að spara fólki sporin, þannig að það þurfi ekki að flakka á milli staða til að undirrita umsóknir, eyðublöð og samninga,“ segir Atli Örn Egilsson, sölusérfræðingur hjá Advania. Signet gerir fyrirtækjum kleift að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu og flýta fyrir ferlinu við að ganga frá undirskriftum á skjölum.

„Við sjáum til dæmis stéttarfélag nota Signet í miklum mæli til að undirrita umsóknir um styrki en áður þurfti fólk að mæta á staðinn og fylla út umsókn sem er núna hægt að skila inn í símanum,“ segir Atli. „Á sama tíma hjálpar Signet fyrirtækjum að vera umhverfisvænni með því að minnka útprentun og spara ferðir á milli staða eingöngu til að undirrita.“

Rafrænar undirritanir eru þægilegar í notkun og auðveldar bæði

Við sjáum til dæmis stéttarfélag nota Signet í miklum mæli til að undirrita umsóknir um styrki en áður þurfti fólk að mæta á staðinn og fylla út umsókn sem er núna hægt að skila inn í símanum.

Atli Örn Egilsson

rekstraradilum og viðskiptavinum lífið á sama tíma.

„Advania veitir alhliða þjónustu í upplýsingatækni og er eitt stærsta fyrirtækið sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið er einnig hluti af norrænni samsteypu og er með starfsstöðvar á öllum Norðurlöndunum,“ segir Atli. „Fyrirtækið getur séð um alhliða upplýsingatæknirekstur og leggur mikið

upp úr góðri þjónustu við viðskiptavinum. Starfsfólk Advania býr einnig yfir gríðarlegri reynslu en fyrirtækið býr að því að hafa verið til síðan á fyrri hluta 20. aldar og reynslan veitir okkur sérstöðu.

Advania býður upp á fjölmargar lausnir fyrir fólk og fyrirtæki og Signet rafrænar undirritanir er gríðarlega spennandi lausn sem hefur virkilega nýst viðskiptavinum vel,“ segir Atli.

„Signet virkar þannig að þú setur inn skjöl sem á að undirrita, velur viðtakendur sem þurfa að skrifa undir og sendir þau svo út. Þá fá allir tilkynningu og geta skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og undirritað skjöl með fullgildum rafrænum undirritunum heima í sófa,“ útskýrir Atli. „Það þarf því ekki að koma á staðinn, hittast eða bíða eftir að einhver komi frá útlöndum til að klára málin.“

Sparar spor og eykur öryggi

Signet hefur verið í smíðum hjá okkur frá árinu 2008 og við erum ávallt að bæta við lausnina til að

mæta þörfum viðskiptavina enn betur,“ segir Atli. „Bráðlega verður til dæmis þeim möguleika bætt við að geta sent mörg skjöl í einu þegar það þarf margar undirritanir á pakka af skjölum, vegna þess að viðskiptavinir hafa óskað sérstaklega eftir þessu.

Signet er hannað af öryggissérfræðingum Advania. Mikil áhersla er lögð á öryggi og notendur geta treyst því að aðeins undirritendur fái aðgang að skjölunum. Aðgangur að Signet er varinn með rafrænum skilríkjum og öll samskipti eru dulkóðuð,“ útskýrir Atli. „Undirritanir í Signet eru með vottaðri tímasetningu og því þarf fólk ekki að votta skjölin eins og tíðkast hefur lengi.

Það að geta bara klárað umsókn eða samþykkt eitthvað í símanum er talið hluti af góðri þjónustu í dag, þannig að þetta bætir upplifun viðskiptavina,“ segir Atli. „Fyrirtæki sækjast líka eftir þessu til að stytta ferilinn við að fá samþykki til að geta farið að vinna verkin fyrr.“

Hentar öllum gerðum reksturs

„Við sáum gríðarlega aukningu í rafrænum undirritunum og notkun á Signet á síðasta ári og rafrænar undirritanir hjálpuðu fyrirtækjum að láta viðskipti halda áfram þrátt fyrir samkomutakmarkanir,“ segir Atli. „Flestir hafa líka undirritað eitthvað í gegnum Signet á einn eða annan hátt, því þessi lausn nýtur mikilla vinsælda hjá litlum og stórum aðilum.

Eina forsendan fyrir því að nota Signet er að vera með rafræn skilríki hjá Auðkenni. Viðskiptavinir okkar eru bæði stofnanir með yfir 1000 starfsmenn og einyrkjar, því þetta hentar öllum gerðum fyrirtækja og reksturs,“ segir Atli. „Við bjóðum upp á mjög gott verð og það er mjög einfalt og fljótlegt að taka kerfið í notkun.“

Nánari upplýsingar um Signet er að finna á heimasíðu Advania, www.advania.is.

Hraðvirkt, aðgengilegt og þægilegt

Íris A. Skúladóttir, lánastjóri hjá Birtu lífeyrissjóði, segir að Signet kerfið hafi klárlega verið til bóta.

„Við þurfum að fá kynningargögn fyrir hvert lán undirritað með löggiltum rafrænum skilríkjum og vorum með annað kerfi fyrir það áður,“ segir Íris. „En sú lausn var ekki nógu þjál, því það tók meira en tvær mínútur að opna undirrituð skjöl. Það var aðal ástæðan fyrir því að við gáfumst upp á gamla kerfinu.“

Áður fyrr þurftu umsækjendur að skrá sig inn á sitt svæði með rafrænum skilríkjum til þess að nálgast skjöl til undirritunar en núna fá þeir tölvupóst eða sms beint í símann með hlekk og þar birtist skjalið til skoðunar og í kjölfarið undirritunar. Það er mun þægilegra, einfaldara og aðgengilegra fyrir móttakandann og býður upp á betri þjónustu fyrir sjóðfélaga,“ segir Íris. „Undirskriftum fylgja líka meiri upplýsingar núna, t.d. er hægt að bæta við skýringu á því hver undirritar, einnig birtast nöfn, kennitölur og tímastimplar, sem okkur finnst til bóta og bæta aðgengi að upplýsingum um undirritendur skjala.“

Það sem mér finnst einnig mjög hentugt er að við fáum fullundirrituð skjöl í sérstaka möppu á lokuðu drifi sem aðeins er aðgengilegt þeim sem vinna með skjölin. Fyrir vikið sleppum við við að skrá okkur inn til að sækja skjölin, sem flýtir fyrir vinnu okkar,“ segir Íris. „Fyrir rafrænar undirskriftir vorum við að prenta gríðarlegt magn af pappír sem sparast núna og það hefur minnkað kolefnissporið verulega.“

Við mælum klárlega með notkun Signet fyrir alla sem þurfa að undirrita skjöl með hraðvirkum og öruggum hætti, þetta hefur reynst okkur vel og var klárlega til bóta fyrir okkur,“ segir Íris að lokum.



MYND/ADSEND



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auðveldara fyrir fyrirtæki og kúnna

Kári Arnar Kárason, deildarstjóri upplýsingatæknideildar Húsasmíðjunnar segir að Signet hafi auðveldað þeim lífið á marga vegu.

„Við tókum Signet fyrst í notkun því við vildum fá rafræna undirritun fyrir ráðningarsamninga,“ segir Kári. „Við bjóðum fólki líka upp að skrá sig inn á þjónustuvefinn okkar með rafrænum skilríkjum í stað þess að þurfa að muna lykilorð. Svo erum við líka með sjálfvirkt rafrænt ferli í lánaumsóknum, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sem mannshöndin kemur hvergi nærri. Við notum Signet einnig fyrir reikningsumsóknir og greiðsludreifingar.“

Signet hefur sjálfvirknivætt umsóknarferli hjá okkur og stýtt biðtíma fyrir kúnnann, en nú er svartími nokkrar sekúndur í staðinn fyrir tvo daga. Það hefur í raun bætt þjónustu gríðarlega og fækkað handtökunum hjá okkur,“ segir Kári. „Þetta hefur auðveldað okkur lífið á marga mismunandi vegu.“

Þessi lausn er líka góð fyrir umhverfið. Það er ekki lengur verið að prenta og skrifa undir pappíra og sendast með þá um bæinn,“ segir Kári. „Það er því engin spurning að við mælum með notkun Signet fyrir fyrirtæki, bæði til að minnka pappírnotkun og flýta ferlum.“



MYND/ADSEND

Skilar betri þjónustu

Skúli Eyjólfsson, deildarstjóri langtímaleigu hjá bílaleigunni Höldur, segir að Signet hafi gert fyrirtækinu kleift að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu.

„Við ákváðum að taka Signet í notkun því við þurfum að fá undirritanir á samninga og oft er sá sem sækir bílinn ekki sá sem má undirrita samninginn. Þá þarf að senda samninginn á aðilann sem sér um bílamál til undirritunar,“ segir Skúli. „Við vorum farin að skoða þessa lausn fyrir COVID en faraldurinn ýtti þessu endanlega af stað. Við erum að vinna hér og þar og það hafa ekki allir aðgang að prentara, þannig að við förum þessa leið.“

Þetta er miklu betri leið en að samningurinn sé prentaður, sendur, undirritaður, skannaður inn og svo sendur til baka. Svona erum við að veita kúnnum betri þjónustu,“ segir Skúli. „Viðskiptavinurinn fær samn-

inginn bara í tölvupósti eða sms-i og getur smeltt á hlekkinn til að skoða samninginn og undirrita hann með rafrænum skilríkjum án þess að standa í neinu brasi. Þetta er líka örugg leið til undirritunar, það er mjög erfitt að falska rafræna undirskrift.“

Þetta auðveldar okkur vinnu og er fljótlegt kerfi. Við fáum undirritanir fyrir til baka og fyrir vikið gengur reksturinn hraðar fyrir sig,“ segir Skúli. „Þar að auki erum við að spara pappír, póstsendinga- og bensinkostnað með þessu, sem er hið besta mál. Áður fyrr kom fyrir að fólk þyrfti að gera sér ferð til okkar bara til að skrifa undir.“

Það er ekki nokkur spurning að við myndum mæla með notkun Signet,“ segir Skúli. „Það er allt að færast yfir í þetta rafræna þannig að ég myndi hvetja alla sem þurfa að fá undirritanir á skjöl, samninga eða hvað sem er til að nýta sér Signet.“

Aukinn skýrleiki og skilvirkni með stafrænni tryggingaþjónustu TM

Stafræn tryggingaþjónusta TM gerir viðskiptavinum kleift að nálgast allar upplýsingar um tryggingar á einfaldan og fljótlegan hátt. TM-appið hefur reynst vel og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

Rætt var við Sonju Rut Aðalsteinsdóttur, sérfræðing í viðskiptaþróun, og Óskar Örn Ingvarsson, forstöðumann hugbúnaðarþróunar hjá TM.

„Í tryggingunum veitum við margvíslega þjónustu og þar ber helst að nefna tvennt. Annars vegar aðstöðum við einstaklinga og fyrirtæki við að tryggja sig rétt, og á þetta bæði við þegar einstaklingar og fyrirtæki eru að koma í viðskipti til okkar og einnig þegar og ef breytingar verða á höfum fólks og fyrirtækja. Hins vegar felst þjónustan okkar í að aðstoða viðskiptavinum þegar á reynir þegar kemur til tjóns. Þetta er oft áttakanlegt og því mikilvægt að vera til staðar og veita þjónustuna hratt og örugglega,“ útskýrir Sonja.

Viðskiptavinir TM eru einstaklingar á öllum aldri og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og það ríkir mikill metnaður hjá fyrirtækjunu til að þróa lausnir sem mæta þörfum og kröfum viðskiptavina.

„Framtíðarsýn TM er skýr þegar kemur að þjónustu til okkar viðskiptavina. Þjónusta okkar er veitt þar sem viðskiptavinurinn þarf á henni að halda og þegar hann þarf á henni að halda. Þetta getum við vegna framþróunar á stafrænni þjónustu síðustu þrjú árin.“

Einfalt og sveigjanlegt

Óskar segir þrjú mikilvægustu atriðin sem snúi að stafrænum tryggingum vera gagnsæi, vef-



Óskar Örn Ingvarsson og Sonja Rut Aðalsteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

sala og sjálfvirkni. „Stafrænar tryggingar fela fyrst og fremst í sér gagnsæi til viðskiptavina þar sem við birtum verð til viðskiptavina strax sem er algjörlega nýtt á íslenskum tryggingamarkaði. Skýr verðstefna félagsins um að verðleggja áhættuna sem fylgir hverjum og einum einstakling eða þeim hóp sem hann tilheyrir gerir okkur kleift að birta verðið strax. TM er fyrsta og eina tryggingafélagið sem getur boðið upp á vefsölu trygginga, eins og flest önnur fyrirtæki gera í dag, til þess að mæta ört stækkandi hópi fólks sem vill geta verslað og þjónustað sig sjálf á vefnum hvar og hvenær sem er.“

Óskar segir fólk gjarnan tengja tryggingar við flókna og torskilna texta. Markmiðið með vefsöluinni sé að gera tryggingar skiljanlegri með skýrri og stuttri framsetningu á texta í þeim tilgangi að auka skiljanleika og gagnsæi. Öll hönnun og þróun hefur miðast að því að viðskiptavinir geti fengið skýrar upplýsingar um innihald og verð á tryggingum hjá TM.

„Á vef félagsins geta einstaklingar skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og fengið aðstoð hjá rafrænum ráðgjafa TM sem leiðir viðkomandi í gegnum kaup á tryggingum á einfaldan máta og sinnir þannig þeirri nákvæmu ráðgjöf sem strangur lagarammi

um sölu trygginga gerir kröfur um. Rafrænn ráðgjafi sér svo til þess að viðkomandi geti sérsníðið tryggingarnar að þeirra þörfum í ferlinu. Það má segja að í fyrsta sinn í sögu íslenskra tryggingafélaga geta viðskiptavinir séð verð fyrir sínar tryggingar strax og gengið frá kaupum hvar og hvenær sem þeim hentar. Það er því engin þörf á að stressa sig á opnunartímum eða mæta á staðinn.“

Lægra verð með sjálfvirkni

Sonja Rut segir stafrænar tryggingaþjónustu fela í sér sjálfvirkni sem skili sér meðal annars í lægra verði. „Í flestum tilfellum vefsölu kemur mannhöndin hvergi nálægt afgreiðslunni þar sem útgáfa, uppsögn hjá öðru félagi og annað sem þarf að gera er allt orðið sjálfvirk. Þess ber þá að geta að verðið í vefsöluinni er alltaf besta verðið en vegna þeirrar sjálfvirkni og hagræðingar sem næst með þessari stafrænu söluleið getum við boðið lægra verð þar en gengur og gerist í öðrum söluleiðum.“

Allt þetta miði að því að bæta þjónustu viðskiptavini TM. „Stafræn tryggingaþjónusta felur meðal annars í sér sjálfsafgreiðslu sem þýðir að viðskiptavinir TM geti sinnt allri þjónustu á rafrænan hátt hvar og hvenær sem er, og svo að starfsfólk TM geti þjónustað viðskiptavinum á rafrænan máta, allt með það fyrir augum

að auðvelda líf viðskiptavina okkar og bæta þjónustu. Í dag vilja viðskiptavinir í meira magni geta fengið alla þjónustu hratt og örugglega þar sem þeir eru og það er okkar leiðarljós þegar kemur að þróun á okkar stafrænu tryggingaþjónustu.“

Sonja Rut segir að með TM appinu geti viðskiptavinir stundað sjálfsafgreiðslu á einfaldan hátt en þar er að finna allar upplýsingar um tryggingarnar samankomnar á einum stað. „Þar geta viðskiptavinir fengið góða yfirsýn yfir tryggingar, tilkynnt tjón og fengið bæt看 samstundis, hafa aðgang að rafrænu ferðakorti - sem hingað til hefur verið plastkort, geta skráð sig í pappírslaus viðskipti, valið greiðsluleið og uppfært samskiptaupplýsingar og ýmislegt annað sem áður þurfti að framkvæma með simtali til TM eða jafnvel að gera sér ferð til að ganga frá,“ segir hún.

„Við sjáum fram á að Appið verði okkar aðalsamskiptaleið viðskiptavini þegar fram í sækir, til dæmis að viðskiptavinir geti tilkynnt allt tjón í gegnum appið og fengið þau afgreidd. Það er mikil framþróun í gangi hjá okkur og við erum sífellt að bæta við fleiri tilkynningum í TM appið. Tilkynningarnar leysa af hólmi PDF skjöl sem í flestum tilfellum þurfti áður að skila undirrituðum til TM á opnunartíma. Allt þetta léttir líf viðskiptavina TM.“

Tölvuleikjajafnaðurinn er stór

Ágúst Máni Jóelsson er á öðru ári á tölvuleikjabraut Menntaskólans á Ásbrú. Ágúst Máni frétti af náminu á YouTube en hann dreymir um að vinna við að skrifa söguheim tölvuleikja í framtíðinni.

Ágúst Máni frétti fyrst af náminu á Ásbrú þegar hann sá auglýsingu á YouTube. Hann hugsaði strax að þetta væri námið fyrir hann.

„Það var svolítið fyndið að ég var nýbúinn að horfa á þætti á Netflix sem heita Video Game High School (á íslensku: Tölvuleikjamenntaskólinn). Þá sé ég þessa auglýsingu strax á eftir, um að það væri kominn tölvuleikjamenntaskóli á Íslandi. Ég hugsaði strax: Já ég er að fara í þetta nám,“ segir hann.

Ágúst Máni er á öðru ári í náminu og er ótrúlega ánægður með það að eigin sögn. „Við erum fyrsti árgangurinn á þessari braut og útskrifumst með stúdentspróf í tölvuleikjagerð. Við eigum eitt og hálf ár eftir af náminu en það tekur þrjú ár,“ segir hann.

„Þetta er ótrúlega gott nám. Það gefur manni hugmynd að því hvað maður gæti viljað vinna við í framtíðinni tengt tölvuleikjum. Miðað við hvað aðrir skólar hafa upp á að bjóða þá finnst mér þessi sýna manni svo miklu fleiri möguleika um hvað er hægt að gera í framtíðinni. Maður fær grunnþekkingu og kunnáttu í svo mörgu. Við lærum eiginlega um allt sem hægt er að vinna við í tölvuleikjaheiminum. Þú getur verið forritari, þrívíddarteiknari og margt fleira.“

Ágúst Máni sér fyrir sér að hann muni vinna við að skrifa sögur



Ágúst Máni við verkefnavinnu í skólanum.

MYND/ADSEND

raun vakið áhuga hans á öllu sem tengist því að búa til tölvuleiki.

„Maður fær svo mikla innsýn í allt í tölvuleikjajafnaðinum. Það eru margar brautir sem hægt er að fara innan þessa heims. Þetta er allt mjög fjölbreytt og áhugavert,“ segir Ágúst Máni.

Ágúst Máni segir að góður andi ríki í skólanum og að allir krakkarinnir séu miklir vinir.

„Það er mjög mikið af hópverkefnum svo við kynnumst hvert öðru mjög vel og við kynnumst áhugamálu hvers annars. Við erum að búa til tölvuleiki saman svo við tengjumst öll mjög vel,“ segir hann.

„Ég mæli eindregið með þessu námi. Þetta er fyrir alla, hvort sem þú spilar tölvuleiki eða ekki. Þetta er öðruvísi nám sem hentar öllum. Þú þarft ekki að vera einhver svaka dúx í grunnskóla. Öllum getur gengið vel í þessu námi af því fólk í skólanum vill virkilega að þú nái því og allir vilja hjálpa þér. Þótt það sé auðvitað sett mikil ábyrgð á þig. En þó þú þurfir að taka ábyrgð á náminu þínu þá eru verkefnið svo skemmtilegt. Þau ýta virkilega undir að þú skapir eitthvað flott.“

Þegar Ágúst Máni er spurður hvort hann sjái þá ekki eftir að hafa farið í námið segir hann hlæjandi. „Nei alls ekki, þetta er án vafa besti menntaskólinn á Íslandi.“



Karakter sem nemandi mótaði úr leir við verkefni í gerð þrívíddar karaktera á haustmísserinu.



Nemandi í þrívíddarteikningu.

fyrir tölvuleiki og skapa heiminn í tölvuleikjum í framtíðinni en í skólanum fá nemendurnir tækifæri til að búa til leiki og skapa söguheim.

„Við getum gert alls kyns tilraunir til að búa til söguþræði og umhverfi og höfum fengið margar flottar hugmyndir,“ segir hann.


Fær innsýn í svo margt

Aðspurður að því hvort eitthvað í náminu hafi komið honum á óvart og hafi vakið sérstakan áhuga hans svarar hann að námið hafi í

Fasteignablaðið

6. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 9. FEBRÚAR 2021

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



heimili fasteignasala á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki | **Fagleg þjónusta**
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Þetta glæsilega hús við Austurgötu í Hafnarfirði er til sölu.

Glæsihús í Hafnarfirði

Landmark fasteignamiðlun kynnir í einkasölu: Austurgötu 40 í Hafnarfirði. Um er að ræða eitt glæsilegasta hús Hafnarfjarðarbæjar og þótt víðar væri leitað, steinsteypt 305,1 fm.

Húsið hefur verið í eigu sömu ættar frá byggingu þess árið 1930. Húsið að Austurgötu 40 var hannað af hafnfirka byggingameistararnum Ásgeiri G. Stefánsyni. Þakið er valmápak, klætt upprunalegum steinskífum (sömu gerðar og á Alþingishúsinu) og stendur við framgaflinn gerðarlegt svokallað nýbarrok-gaflframskot. Húsið er allt hið glæsilegasta, hefur augljóslega verið sinnt af mikilli natni og fengið gott viðhald. Sérlega vegleg steypt útskorin girðing er umhverfis lóðina og er

öll ásýnd eignarinnar til fyrirmyndar. Þegar núverandi eigendur keyptu eignina árið 1984 var hafist handa við miklar endurbætur og breytingar á húsi, lóð og girðingu. Húsinu hefur síðan ávallt verið vel við haldið.

Aðalhlæð skiptist í anddyri, hol, tvær stofur, kontor og eldhús. Úr kontor er útgengi á neðri svalir með flísalögðum og upphituum tröppum niður í garð. Önnur hlæð skiptist í þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Stigi upp á manngengt háaloft. Úr hjónaherbergi er útgengi á efri svalir.

Kjallari skiptist í hol, tvö svefnherbergi, þvottahús með sturtuadstöðu, salerni og tvær geymslur. Útgengi úr kjallara upp flísalagðar og upphitaðar tröppur

út í garð. Komið er inn í hol með fatahengi, marmari á gólfi. Úti-dyrarhúð er með útskurði eftir Ríkhald Jónsson myndhöggvara en hann hannaði m.a. skjaldarmerki Íslands. Holið er einkar tignarlegt og er opið að annarri hlæð með fallegum stiga sem liggur upp með áföstum rauðum dregli og rauðu teppi þegar upp er komið. Sérsmíað smíðajárnshandrið er á stiganum sem afmarkar einnig efri stigapall.

Allar nánari upplýsingar veita: Júlíus Jóhannsson, lögg. fasteignasali s: 823-2600, julius@landmark.is
Monika Hjalmtýsdóttir, lögg. fasteignasali, s: 823-2800, monika@landmark.is

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

David Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Einstök útsýnisíbúð með tvöföldum bílskúr
Freyjubrunnur 23 í Úlfarsárdal

Sýnum daglega hafið samband Guðbjörg sími 899 5533

Tveggja herbergja 120.5 fm þakíbúð
Skjólgóðar útsýnisvalir
Tvöföldur bílskúr, innangengt í stigagang
Verð 58,9 m.

FJÖLHÚS
FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Armúla 3 sími 511 1020

FJALLASKÁLAR ÍSLANDS
MED SIGMUNDI ERNI RÚNARSSYNI

Eftir meira en 5000 ekna kílómetra og 750 kílómetra á göngu, einni bílvél fátækari, einni felgu og tveimur pústkerfum snauðari, með sprungin dekk, gegnblautir og skólásir í einum skála kemur þriðja þáttaröðin, stórkostlegri sem aldrei fyrr.

Miðvikudaga kl. 20.00.

FJALLA KÖFINN **FJA** **HRINGBRAUT**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr
Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Gisli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fast-
mark.is

Einbýlishús óskast í Garðabæ fyrir trausta kaupendur

Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.



- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmiðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flisalagður bílskur. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórra bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

Hverafold. Glæsilegt einbýlishús.



- Vandað 260,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á glæsilegri 808,0 fm. lóð neðst við sjóinn í Hverafold í Grafarvogi. Einstakt útsýni yfir sjóinn.
 - Mjög mikil lofthæð í stórum hluta eignarinnar. Gólfhiti er í stórum hluta hússins. Eyja í eldhúsi var sett upp árið 2013 og sama ár var skipt um tæki í eldhúsi.
 - Fjögur rúmgóð svefnherbergi og möguleiki á að hafa þau fimm. Arinn á milli setustofu og sjónvarpsstofu á neðri hæð og annar arinn á efri hæð hússins. Stórt og bjart eldhús og 2 baðherbergi.
 - Baklóð hússins er með skjólsælli viðaverönd til suðurs, heitum potti, steypum veggjum, tyrfðum flötum og trjágróðri. Sjávarútsýni er frá lóð.
- Verð 124,9 millj.**

Ljósheimar. 4ra herbergja íbúð.



- Góð 4ra herbergja 99,8 fm. íbúð á 6. hæð með fallegu útsýni og vestursvölum í fjölbýlishúsi með tveimur lyftum við Ljósheima í Reykjavík.
- Húsvörður er í húsinu og býr hann í íbúð sem er í eigu húsfélagsins. Rafagnir og rafmagnstafía í íbúðinni eru nýleg. Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning.
- Húsið að utan er í góðu ástandi, nýlega viðgert og málað og gler í húsinu er að megninu til nýlegt. Sameign er öll mjög snyrtileg og gólfefni á stigahúsi eru nýleg.

Verð 47,5 millj.

Álfaskeið 102- Hafnarfirði. 3ja herbergja útsýnisíbúð.



- Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30**
- Góð 3ja herbergja 95,9 fm. íbúð með gríðarlega fallegu útsýni á 4. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Álfaskeið í Hafnarfirði.
 - 23,8 fermetra bílskur fylgir íbúðinni. Stigahús nýlega málað og teppalagt. Húsið klætt á 3 hliðar og skipt hefur verið um stóran hluta glers í húsinu.
 - Baðherbergi er nýlega endurnýjað. Svalir til suðurs.
 - Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

Verð 39,9 millj.

Ingólfsstræti. Parhús með tveimur íbúðum.



- Parhús með tveimur íbúðum í útleigu á 351,0 fermetra afgirtri lóð með 8-10 sér bílastæðum á virkilega góðum stað í miðborginni.
- Tvær 2ja herbergja íbúðir eru í húsinu, ein á hvorum hæð, og eru þær báðar í útleigu. Góðir tekjumöguleikar til lengri tíma.
- Parhúsið er í þokkalegu ástandi að innan og utan, en þarfnast einhvers viðhalds og endurbóta.
- Mögulegt væri að leigja út bílastæði á lóðinni til viðbótar, en nýtt rafmagnshlíð var sett upp á lóðina fyrir nokkrum vikum síðan og hún því lokað fyrir óviðkomandi umferð.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Vatnsstígur 16. 2ja herbergja íbúð.



- Virkilega vönduð 112,5 fm. íbúð á 1. hæð við Vatnsstíg nr. 16 í Reykjavík auk sér bílastæðis í bílageymslu.
- Stór og björt stofa með tveimur gólfíðum gluggum og útgengt á yfirbyggðar opnanlegar svalir til vesturs sem eru með svalalokun.
- Allar innréttingar, innihurðir og parket í íbúðinni eru úr eik.
- Sameign hússins er öll til fyrirmyndar og umgengni einstaklega góð.

Verð 66,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúðir.



- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími.

Verð 64,9 millj.

- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Verð 47,9 millj.

Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Staði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Stuðlaborg - Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklaðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loft-ræsting skapa góða hljóðvist. Gólfíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Sólborg - Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja - 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklaðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadóttir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090



Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450



Ómar Hvarndal
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 832 3200



Barbara R. Bergþórsd.
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508



Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931



Kjartan I. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasali
Sími: 616 1313



Friðjón Ó. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312



Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929



Ragneiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali



Rauðalækur 73 105 Reykjavík


Falleg, mikið endurnýjuð og vel skipulögð 193,7 fm efri sérhæð á þessum eftirsóttum stað

- 6 svefnherbergi og þrennar svalir.
- Samliggjandi, rúmgóðar stofur. Arinn og útgengt á vestursvalir.
- Eldhús með fallegri og vandaðri innréttingu og tækjum, hiti í gólfi, og útgengt á svalir til vesturs.
- Hjónaherbergi með fata-skápum á heilum vegg og útgengt á svalir til suðurs.

Verð: **98,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



PANTID SKOÐUN
hjá Páli í síma 893 9929

**NÝTT
Í SÖLU**




**NÝTT
Í SÖLU**

Hlíðarás 35 221 Hafnarfjörður

PANTID SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520

Gott 244 fm einbýli á tveimur hæðum

- Bílskúr með hurðaoptara
- Fjögur svefnherbergi, hægt að bæta v því fjórða
- Frábært útsýni á efri hæð
- Rúmlega 40 fm svalir
- Tvö baðherbergi



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**



**NÝTT
Í SÖLU**

Lindasmári 38 201 Kópavogur

BÓKID SKOÐUN
hjá Antoni í síma 771 8601

Virkilega fallegt, bjart og vel skipulagt 186,6 fm raðhús á tveimur hæðum

- Fjögur góð svefnherbergi.
- Góðar stofur, útgengt er út á nýlegan, stóran aflokað timburpall.
- Innbyggður bílskúr með sérlega rúmgóðu hellulögðu bílastæði og aflokuðum garði ásamt suðursvölum yfir bílskúrnum



Nánari upplýsingar veitir:
Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Verð: **96,9 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

sími

569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið



Karlsstaðir

766 Djúpvogshreppur

Jörðin Karlsstaðir liggur milli fjalls og fjöru á útströnd Berufjarðar

- Jörðin er um 135 ha og þar af 25 ha ræktuð tún og matjurtag.
- Auk ca 400 ha af óskiptu landi með 2 nágrennbæjum.
- Miklar endurbætur á húsakosti á síðustu 5 árum
- Tvö íbúðarhús, gistiheimili, veitingahús, matvælaframleiðsla. o.fl.

Verð: **Tilboð**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma **695 5520**



Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Vogur - Fellsströnd

371 Dalabyggð

Frábærlega staðsett um 250 hektara jörð með miklum og góðum húsakosti

- Endurbýggð hús sem er hótél- og gístaðstaða með stórum matsal og fullkomnu veisludhúsi.
- Hótél um 765 fm á 2 hæðum.
- Gamla fjósið er 296 fm og Kálfahúsið er rúmlega 130 fm.
- 165 fm uppgerst einbýlishús
- 45 hektara ræktuð tún

Verð: **Tilboð**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Friðrik í síma **616 1313**



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Illagalil 21

801 Grafningur

Glæsilegt 211 fm heilsárshús upp af Hestvík í Grafningnum

- 3 svefnherbergi og svefnloft / sjónvarpsrými
- Alrými með mikilli lofthæð og kamínu
- Hiti í gólfum og varmadæla
- Hert gler á sólpalli – mikið útsýni
- Steypt neðri hæð með mikilli lofthæð og stórum innkeyrsludryrum
- Eignarland

Verð: **Tilboð**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Friðrik í síma **616 1313**



Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Snorrastaðir lóð 6

840 Laugardalur

Glæsilegt heilsárshús sem er stutt frá höfuðborgarsvæðinu

- Eignin er skráð 110 fm og skiptist í 3 svefnherbergi, baðherbergi, anddyri, stofu og eldhús með góðri lofthæð.
- Við Snorrastaðaland 6 á Laugarvatni

Verð: **61,5 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jason í síma **775 1515**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Brúarholt II

801 Grímsnesi

Brúarholt II (áður Hótel Borealis) staðsett í Grímsnesi skammt frá Ljósafossvirkjun


- Þrettán aðskildar byggingar í sæmilegu ástandi og 36 ha land ásamt öllu fylgifer
- M.a tæki til lang- eða skammtímaútleigu (hótel og gistiheimili) og öðrum tækjum til hótelreklams
- Í húsnæðinu eru 41 herbergi innréttað hótélherbergi, einnig hlaða innréttað sem veislusalur fyrir allt að 350 manns

Verð: **210 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Antoni í síma **771 8601**



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is



Skógarvegur 6

103 Reykjavík

Glæsileg ný 136,8 fm endaíbúð á 1. hæð (117)

- Hjónherbergi með fataherbergi, tvö barnherbergi og sér þvottahús inn af eldhúsi.
- Íbúð með vönduðum innréttingum á besta staði í borginni.
- 24,9 m² sérarnotafloitur til suðurs
- Staði í bilageymslu

Verð: **79,9 millj.**

PANTIÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum Miklaborgar



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is



Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas.
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is



Hraunbær 103 a/b/c

110 Reykjavík

Nýjar íbúðir fyrir **60+**

Aðeins ein 3ja herbergja íbúð eftir

SÝNUM DAGLEGA hringið og pantið skoðun
Allir mæti með grímu og hanska gætið 2ja metra reglunnar.

Nú er tækifæri að kaupa í þessu fallega húsi.

- Stærðir frá 52-160 fm, stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- Vinsælar útsýnisíbúðir
- Aðgengi að þjónustu og félagsmiðstöð hjá Reykjavíkurborg

Komið, skoðið og ráðfærið ykkur við sölumenn okkar!



Nánari upplýsingar veitir:
Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir:
Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir:
Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Smellið hér til að skoða bæklinginn



Hraunbær 103A íb. 102 **2ja**

Glæsileg **98,5 fm** íbúð á **1. hæð** með 19,4 fm geymslu, ásamt 19,9 fm sérnotafleti í garði.

Verð: **49 millj.**



Hraunbær 103B íb. 204 **3ja**

Glæsileg **112,1 fm** íbúð á **2. hæð** með stórum 9,3 fm svölum, ásamt staði í bilageymslu

Verð: **62,9 millj.**



Hraunbær 103C íb. 208 **2ja**

Glæsileg **66,5 fm** íbúð á **2. hæð** með 12 fm geymslu, ásamt 6,6 fm svölum.

Verð: **43,9 millj.**



Hraunbær 103C íb. 408 **2ja**

Glæsileg **66,5 fm** íbúð á **4. hæð** með 12 fm geymslu, ásamt 6,6 fm svölum.

Verð: **46,5 millj.**

LAUS
STRAX



PANTÍÐ SKOÐUN
í síma 773 6000 eða 845 8958



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Barónsstígur 6 (lb. 505) 101 Reykjavík

Stórglæsileg 107 fm, 3ja herb
íbúð með 46 fm þaksvölum

- Svalir snúa til suðurs og njóta einnig austur og vestur sólar
- Glæsilegar stofur og tvö góð herbergi
- Aukin lofthæð og fallegar innréttingar
- Vönduð nýbygging í 101
- Stæði í bilageymslu fylgir
- Tilbúin til afhendingar með gólfefnum og ísskáp

Verð: **79,9 millj.**



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 10. feb. kl.17-17.30

Skipholt 11-13

105 Reykjavík

Glæsileg 76,9 fm nýleg
2ja herb. íbúð á 3ju
hæð í lyftuhúsi

- Stórar suðursvalir.
- Glæsilegar innréttingar og vandaður frágangur.
- Ísskápur, uppþvottavél og öll ljós fylgja með í kaupunum!
- Á jarðhæð er 7,9 fm geymsla.
- Laus strax.

Verð: **46,9 millj.**



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



NÝTT
Í SÖLU



PANTÍÐ SKOÐU
hjá Antoni í síma 771 8601



Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601
anton@miklaborg.is

Lækjasmári 21

201 Kópavogur

Falleg og vel skipulögð 4ra
herbergja íbúð í góðu fjölbýli
í Smárahverfinu í Kópavogi

- Eignin er skráð 100,6 fm að stærð sem skiptist þannig að íbúðin er 93,2 fm og sér geymsla í kjallara 7,4 fm
- Alrými þar sem eldhús er opið inn í stofuna
- Þrjú svefnherbergi

Verð: **55 millj.**



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 10. feb. kl.17-17.30

Bæjarlind 7

201 Kópavogur


125,5 fm á 4. hæð, endaíbúð
með tvennum svölum 8,3 fm
suður og 5,4 fm í austur.

- Sérningangur af svölum og sérgeymsla í sameign.
- Eignin er með glæsilegu parketi og votrymi flísalögð.
- Steinplötur eru í borðplötum í eldhúsi og baðherbergi. Íbúð með hærri lofthæð.

Verð: **70,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



EINSTAKT
PANORAMA
ÚTSÝNI



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Jóranni í síma 845 8958



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Hraunbær 103 B (601)

110 Reykjavík

Glæsileg 155,5 fm íbúð á 6. hæð
með stórum þaksvölum
og panorama útsýni

- Mjög bjart alrými, eldhús og stórar stofur, útengt á svalir.
- Baðherbergið er flísalagt og með góðri sturtu og innréttingu, tengi fyrir þvottavél og þurrkara
- Hjónaherbergið er rúmgott og bjart og með skápum ásamt auka baðherbergi

Verð: **99 millj.**



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 10. feb. kl.16-16.30

Hrísateigur12

105 Reykjavík

Vel skipulögð og björt 80 fm,
4ra herbergja íbúð í risi
í góðu þríbýlishúsi.

- Stofan er björt og rúmgóð.
- Í dag eru stofurnar tvær en upprunalega var borðstofan svefnherbergi (auðvelt að breyta aftur).
- Tvö góð svefnherbergi
- Gengið út frá borðstofu á svalir í vestur.

Verð: **47,9 millj.**



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Borgartún 18

105 Reykjavík



TIL LEIGU

Til leigu heil hæð í þessu þekktu húsi
við Borgartún 18 með góðu útsýni.

- Um er að ræða efstu hæðina og er hún skráð 764 fm fyrir utan sameiginleg rými
- Húsnæðið allt er í mjög góðu standi og innviðir nýttiskulegir
- Bæði lokaðar skrifstofur og opin vinnurými
- Húsnæðinu fylgja 25 aðgangstýrð bílastæði á baklóð
- Í kjallara er mótuneyti fyrir starfsmenn
- Möguleiki að leigja hæðina í tvennu lagi eða rúmlega 200 fm og rúmlega 500 fm
- Afhending getur orðið fljótlega.
- Athugið ekki er virðisaukavöð á húsnæðinu.

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Svan í síma 697 9300



Nánari upplýsingar:
Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



NÝTT
Í SÖLU

PANTÍÐ SKOÐUN
hjá Óskari í síma 691 2312



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is



Bergþórugata 23 (201)

101 Reykjavík

Glæsileg 112,4 fm íbúð á 2 h.

- 6 íbúðir í stigagangi
- Stofa með útsýni, svalir, eldhús, baðherbergi með þvottaaðstöðu, tvö svefnherbergi og anddyri.
- Gengið inn frá Vitastíg
- Byggt árið 2017
- Laus við kaupsamning

Verð: **65,9 millj.**

Hallgerðargata 9

105 Reykjavík

Glæsileg 118 fm endaíbúð
á 4. hæð (411) í Stuðlaborg

- Íbúðin er með sjávarútsýni og er á norðaustur horni hússins.
- 5,3 fm yfirbyggðar austursvalir.
- Hjónasvíta með fataherbergi og sér baðherbergi með baðkari.
- Eldhús er opið inni stofu og borðstofu.
- Stofan með útgengi út á svalir sem snúa til norðvesturs.
- Svefnherbergi með fataskáp.


Verð: **84,9 millj.**



PANTÍÐ SKOÐUN
hjá sölumönnum Miklaborgar



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

VEGNA COVID-19 SÝNUM VIÐ NÚ ALLAR EIGNIR EFTIR PÖNTUN

Hafið samband við sölumenn okkar og bókið skoðun – Gott að byrja leit á vefnum okkar miklaborg.is

569 7000 · Lág múla 4 · miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

STILLHOLT 21 - AKRANESI



ÞINGVANGUR

Eigum eftir aðeins fjórar fallegar og vel skipulagðar 128 fm 4ra herbergja íbúðir í þessu nýja lyftuhúsi, öllum íbúðunum fylgir stæði í bílakjallara. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar, fullbúnar með gólfefnum, kælliskáp og uppþvottavél.

Verið velkomin í sýningaríbúð á 2. hæð. Hákon sími 898-9396 sýnir eftir samkomulagi.

4 íbúðir eftir



Kirkjubraut 2, 300 Akranesi | Sími 570 4824
hakon@valfell.is | valfell.is

VALFELL
FASTEIGNAHLIÐUN OG RÁÐGJÖF

búmenn

Búseturéttir til sölu



Grænlandsleið 47 e.h

Til sölu er búseturéttur að Grænlandsleið 47, 113 Reykjavík. Eignin er á efri hæð með sérinngangi í tvíbýlishúsi. Hún er 3ja herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er 94,2 fm að stærð og bílskúrin 23,5, samtals 117,7 fm. Úr íbúðinni er glæsilegt útsýni og henni fylgir falleg hellulöguð suðurverönd.

Ásett verð búseturéttarins er kr.23.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.febrúar er kr.189.337.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhalds- sjóður og þjónustugjald.



Grænlandsleið 51 n.h.

Til sölu er búseturéttur að Grænlandsleið 51 nh, 113 Reykjavík. Hér er um að ræða snyrtilega og fallega eign sem er 3ja herbergja, 94,2 fm að stærð ásamt bílskúr sem er 23,5 fm samtals 117,7 fm.

Ásett verð búseturéttarins er kr.21.000.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.febrúar er kr.175.454.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhalds- sjóður og þjónustugjald.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignirnar og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is
Tilboðsfrestur er til og með 22.febrúar nk kl.12.00

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is



Pórsgrata 25, Rvk. 2.hæð:
OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 9.2. KL. 16:30-17



Pórsgrata 25, 2.hæð: Björt og falleg íbúð í góðu fjórþýlishúsi á frábærum stað í 101 Reykjavík. Tvískipt stofa, 3 svefnherbergi, baðherbergi m. baðkari. Rúmgott eldhús með fallegri eldri innréttingu. Svalir í austur. Falleg sameign. **Verð 56,9 millj.**

Opið hús þriðjudag 9.2. kl. 16:30-17.

Vinsamlegast tilkynnið komu á fold@fold.is eða í síma 552-1400.

Hrólfsskálamelur 1, Seltjarnarn. 4. hæð:
OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 10.2. KL. 16:30-17



Hrólfsskálamelur 1, íb. 403: Glæsileg ca. 74 fm. 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi á Seltjarnarnesi. Frábært útsýni yfir hafið og til Suðurnesja. Íbúðin er glæsilega innréttuð með góðu skáplássi. Stórar suðursvalir. Rúmgóð geymsla fylgir ásamt stæði í bílgeymslu.

Opið hús miðvikud. 10.2. kl. 16:30-17.

Vinsamlegast tilkynnið komutíma á fold@fold.is eða í síma 552-1400.

Verð 54,9 millj.

Skeljagrandi 1, 107 Rvk., 3ja herb. endaíb.
OPIÐ HÚS MIÐV.D 10.02 KL. 16-17.



Góð 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð á frábærum stað við Skeljagrandna. Samtals 115 fm með stórru geymslu og stæði í bílgeymslu. Glæný eldhúsinnrétting. Íbúðin skiptist í forstofu með skáp, nýtt eldhús, rúmgóða stofu, tvö rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi með baðkari. Parket er á íbúðinni. Frábær staðsetning. Laus við samning **Opið hús miðvikudaginn 10. febrúar kl. 16:00 -17:00.** Pantar þarf tíma hjá : Hlynur 6248080,

Jörfragund 50, 116 Rvk./Kjalarnes. 4ra herb.
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 10.2 FRÁ KL. 17-17:30.



Vorum að fá í sölu. Ca. 92 fm. fallega 4ra herbergja íbúð með sérinnngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaástaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir.

Gott verð 33,9 millj. Opið hús miðvikudag 10.2 frá kl. 17-17:30.

Vinsamlegast tilkynnið komu á fold@fold.is eða í síma 552-1400.

Nönnufell 3, 111 Rvk.,
2JA HERBERGJA.



Falleg 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt geymslu, samtals 67,8 fm. Stigagangur teppalagður og snyrtilegur. Á jarðhæð er sameiginlegt þvottahús og hjólageymsla. Íbúðin skiptist í forstofu með fatahengi, svefnherbergi sem er rúmgott með góðum skápum. Opið eldhús með góðum borðkrók og viðarinnréttingu, stofa með útgengi út á yfirbyggðar rúmgóðar suðursvalir. Baðherbergi m/baðkari. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Panta þarf tíma fyrir skoðun: saevar@fold.is / 844-1965.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

vinnvinn

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir
iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað
1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Skemmtanir

ÓSKA EFTIR GÓÐUM GÍTARLEIKARA OG SÖNGKONU

Góður gítarleikari og söngkona á
góðum aldri óskast í hljómsveit,
70' músík.


Uppl. á antonben@simnet.is og
s. 895 9376

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti.
Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki.straumblik@gmail.com

Húsviðhald



Húsviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flisalögn
Málingarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhúsviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að
kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir
lofttræstikerfa. Hafðu samband og
pantaðu fría ástandsskoðun í síma:
557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda
brons, silfur og gullpeninga.
Peningaseðla frimerki póstkort.
Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

VATNSHITABLÁSARAR


Verð
frá kr
99.990

VERTU KLÁR FYRIR KULDANN!

Íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

WWW.VIFTUR.IS
MESTA ÚRVALIÐ Á NETINU



Yngvi Tómasson hjá Leikbreyti hefur verið að þróa og prófa snjallmenni undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sérsniðin snjallmenni sem auka sölu og bæta þjónustu

Leikbreytir er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í viðskiptamiðuðum stafrænum lausnum fyrir fyrirtæki með áherslu á innleiðingu snjallmenna og aukna sjálfvirkni á vefsíðum og í vefverslunum fyrirtækja. Markmiðið er að bæta þjónustu til viðskiptavinanna með aukinni sjálfvirkni.

Yngvi Tómasson, framkvæmdastjóri Leikbreytis, segir að samskipti fyrirtækja við viðskiptavinina hafi breyst mikið undanfarin ár og fari nú flest fram í gegnum tölvupóst eða netspjall auk þess sem það sé rík krafa um hraðari svartíma.

„Það er þekkt að þúsaldarkynslóðin vill frekar eiga samskipti í rituðu máli en með símtali og vill snöggan svartíma. Þess vegna vilja mörg fyrirtæki innleiða snjallmenni í sína þjónustu sem geta svarað helstu spurningum viðskiptavinanna samstundis,“ segir Yngvi.

„Við hjálpum fyrirtækjum að innleiða snjallmenni sem við sérsníðum fyrir hvern og einn viðskiptavin. Fyrsta skrefið er oft innleiðing netspjalls og síðan snjallmennis sem getur svarað endurteknum algengum fyrirspurnum um leið og þær berast. Við seljum líka ýmiss konar stuðningskerfi sem greina endurteknar fyrirspurnir,“ útskýrir hann.

„Við förum inn í fyrirtæki og finnum algengustu spurningarnar sem snjallmenni getur strax byrjað að svara. Við greinum grunnþarfir fyrirtækis en hjá mörgum fyrirtækjum þekkjum við þegar algengustu spurningarnar, t.d. hjá

verslunum þar sem oft er spurt um skilárétt, opnunartíma og þess háttar. Þegar snjallmennið getur svarað þessum algengustu spurningum þá förum við út í frekari greiningu á hvaða svörum fólk leitast helst eftir hjá þeim fyrirtækjum sem við aðstoðum.“

Snjallmenni í sífelldri þróun

Yngvi hefur verið að þróa og prófa snjallmenni síðastliðin ár og nýtir bæði lausnir sem þegar eru til og þróa sértækar viðbætur fyrir íslenskan markað.

„Auk þess að svara fyrirspurnum höfum við líka leitað leiða til að snjallmenni geti ekki einungis stuðlað að aukinni sölu heldur jafnframt klárað söluna sjálf. Það getur þá jafnvel gert tilboð og unnið úr því. Hugsunin er að snjallmenni geti leitt vefverslun og fyrirtækjavefi,“ segir hann.

„Innleiðing snjallmennis er kjörið tækifæri til að greina betur samskipti við viðskiptavinina. Með því að færa allt í ritað mál er hægt að rýna og stórbæta samskiptin og þar með þjónustuna. Í greiningunni getur falist að átta sig á helstu fyrirspurnum, hversu margir leitast eftir hreyfingaryfirliti, spyrjist fyrir um sölumál, hvaða tíma dags flestir hafi samband,

” Við horfum á snjallmennin okkar eins og hvert annað vinnuafl sem fyrirtæki geta ráðið í vinnu. Fyrst þurfa þau þjálfun og aðlögun að starfinu.

Yngvi Tómasson

allt verðmætar upplýsingar fyrir fyrirtæki.“

Þá er einnig hægt að nota snjallmenni í hina áttina – að fyrirtækin hafi beint samband við kunnann og bjóði honum þjónustu.

„Það er hægt að nota Facebook til að nálgast ákveðna markhópa og þar erum við með ákveðnar hugmyndir að verkefnum. Til dæmis að góðgerðafélög og fyrirtæki sem selja áskriftir geti tekið á móti nýskráningum í gegnum netspjall og gengið frá skráningunni sjálfvirk,“ útskýrir hann.

„Við erum líka langt komin með það að geta gengið frá samningum í gegnum netspjall við snjallmenni. Almennt er fókusinn hjá okkur í Leikbreyti sala og þjónusta

í gegnum netið. Snjallmenni eru í raun bara ein vidd af þjónustu og sölu.“

Góðar undirtektir

Yngvi segir að almenn ánægja ríki hjá þeim sem þegar noti snjallmennin en mörg fyrirtæki eru að taka fyrstu skrefin í því.

„Fyrsta skrefið er innleiðing netspjalls yfir höfuð. Við höfum verið að stíla á það að fyrirtæki innleiði Facebook Messenger fyrir netspjallið og höfum verið þeim innan handar við það. Fyrirtæki eru oft hrædd við að þessu fylgi gríðarlega mikill kostnaður en í raun eru fyrstu skrefin við innleiðinguna ekki dýr. Við byrjum á að hafa spjallið hálfjálvirk og finnum svo út hvaða hluti má hafa alveg sjálfvirka,“ segir hann. Það má því segja að snjallmennið byrji í hlutastarfi en auki svo við sig smátt og smátt.

„Við horfum á snjallmennin okkar eins og hvert annað vinnuafl sem fyrirtæki geta ráðið í vinnu. Fyrst þurfa þau þjálfun og aðlögun að starfinu sem þau taka að sér og í framhaldi standa þau og falla með því vinnuframlagi sem þau veita. Þannig má bera saman áhættuþætti þess að innleiða snjallmenni við það að ráða starfsmenn en hagræðingin fyrir fyrirtæki er umtalsverð,“ segir Yngvi.

„Við hjá Leikbreyti erum í viðskiptamiðaðri hugbúnaðarþróun og viljum að lausnir okkar bæti þjónustu og auki sölu viðskiptavina okkar. Gildin okkar eru að við berum ábyrgð á vinnunni okkar og lofum gegnsæi í tilboðum og verðlagningu.

Hægt er að sjá allt um snjallmennin og aðra þjónustur hjá Leikbreyti á snjallmenni.is

 leikbreytir



Sigríður Sigmarsdóttir er sölu- og markaðsstjóri Netheims. Hún segir að stafrænum lausnum sé sífellt að fjölga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stafrænar lausnir eru gríðarlega mikilvægur hluti af daglegu lífi

Flest komumst við ekki gegnum daginn án stafrænna lausna af einhverju tagi. Netheimur hefur sérhæft sig í alhliða upplýsingatækniþjónustu fyrir fyrirtæki sem kemur einstaklingum til góða.

Stafrænar lausnir eru komnar til að vera enda gríðarlega mikilvægur hluti af daglegu lífi,“ segir Sigríður Sigmarsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Netheims, sem sinnir alhliða upplýsingatækniþjónustu fyrir fyrirtæki. „Stafrænum lausnum er sífellt að fjölga enda erum við farin að nota símann meira í daglegu lífi og viljum í raun einfalda alla ferla og spara tíma.“ Hún segir þetta til dæmis sjást í netverslun þar sem æ fleiri eru farnir að panta vörur heim í stað þess að fara í verslanir og verja tíma sínum þar. „Nútíma-fjölskylda hefur nóg á sinni könnu. Hver kannast ekki við að hlusta á krakkana lesa og vera að elda eða ganga frá í eldhúsinu á sama tíma? Svo þegar hinum „daglegu verkum“ er lokið setjumst við niður um klukkan að ganga 10 um kvöld og munum að það er kominn tími á snjóbuxurnar, vantar nýja skó og svo þarf að versla fyrir helgina?“ segir hún og bætir við: „Nútímakrafan er að geta leyst þetta á einfaldan hátt, þegar við munum eftir því og helst vera búin að fá úrlausn mála okkar á sem fljótlegastan hátt.“

Áhersla á persónulega og góða þjónustu

Netheimur leggur sitt af mörkum til að koma til móts við þessar



NETHEIMUR

stafrænu þarfir meðal annars með því að sinna þörfum fyrirtækja fyrir netverslun og þjónustu sem tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og fjölskyldna sem ekki eru lengur bundin hefðbundnum vinnu – og opnunartímum.

„Netheimur var stofnaður árið 1998 og hefur frá upphafi verið í eigu Ellert Kr. Stefánssonar og Guðmundar Inga Hjartarsonar. Þannig að við höfum farið í gegnum miklar breytingar og búum að mikilli reynslu,“ segir Sigríður, aðspurð um sögu Netheims. „Við sinnum alhliða upplýsingatækniþjónustu fyrir fyrirtæki, allt frá tölvuuppsetningum og tengingum við prentara til hýsinga, vefsíðugerðar og Business Central bókhaldslauna.“

Ekki aðeins er starfsfólk Netheims reynsluboltar í tæknibransanum heldur hefur fyrirtækið verið í fararbroddi þegar kemur að því að sinna þörfum viðskiptavina sinna. „Við leggjum mikla áherslu

á persónulega og góða þjónustu sem endurspeglast í ánægðum viðskiptavinum sem hafa verið með okkur frá upphafi. Við erum einnig dugleg að endurmennta okkur, fylgjumst vel með nýjungum og erum fljót að tileinka okkur þær,“ segir Sigríður. „Við leggjum áherslu á að vera þetta eina samtál til lausna á verkefnum, reynum ætíð að sjá heildarmyndina strax í upphafi og komum með lausnir sem eru ávallt hagstæðar og miðaðar alfarið við þarfir viðskipta-

vina okkar. Hjá Netheimi eigum við viðskipta, vini“ en ekki kúnna,“ bætir hún við brosandi.

Allt hægt ef viljinn er fyrir hendi

En hvaða nýjungum mega viðskiptavinir Netheims búast við árið 2021? „2020 var auðvitað stórskrítið og það ætlar að teygjast eitthvað á því inni 2021,“ viðurkennir Sigríður og bætir við að þó hafi ýmis ljós leynst í myrkri framandi aðstæðna. „Við fundum

Fullgild rafræn undirskrift

JÓHANN GUNNAR BJARGMUNDSSON

2020-06-11 14:18:06 GMT

Ástæða: Undirskrift

Hér er rafræn undirskrift.

strax fyrir því að fyrirtæki fengu svigrúm til að endurskipuleggja starfsemi og tæknimál á sama tíma og krafan um betri tækni jókst. Nú geta flestir unnið heima ef svo ber undir. Mörkin milli skrifstofu og stofunnar heima eru í raun engin lengur. Við sjáum að sveigjanleiki bæði fyrirtækja og starfsmanna er mun meiri en við höldum og sýnir okkur líka að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.“

Hún segir helstu nýjungar snúast um að aðlaga framlag Netheims að þessum nýju sviðsmýndum. „Fyrst og fremst snúast verkefni um einfaldleika og þægindi en strax þar á eftir er aðgengi fyrir alla og sjálfsafgreiðslumöguleikar.“ Stafrænar lausnir eru nánast óþrjótandi að sögn Sigríðar. „Nú eru rafrænar auðkenningar sem og rafrænar undirskriftir það nýjasta. Það er orðið svo einfalt að sinna öllu sínu á netinu og með Netheimi eru okkur allir vegir færir. Flest tilbúin vefkerfi geta tengst við meirihluta annarra kerfa. Sérsmíði



„Ein mest spennandi nýja varan okkar er WooCommerce viðbót eða Plugin sem við smíðuðum við Dokobit.“

Sigríður Sigmarsdóttir

er hins vegar algeng þegar kemur að tengingum og hún getur verið tímafrek og dýr. En við getum allt og ef við fylgjum ekki hinum stöðugu hræringum í vefheiminum getum við alveg eins pakkað saman og lokað.“

Spennandi nýjungar í kortunum

Hún segir fjölmargar spennandi nýjungar í kortunum. „Ein mest spennandi nýja varan okkar er WooCommerce viðbót eða Plugin sem við smíðuðum við Dokobit en sú viðbót gefur Wordpress og WooCommerce vefsíðum tækifæri til rafrænna auðkenninga og rafrænnar undirritunar. Samstarfsaðili okkar er Dokobit en þeir eru með allar vottanir og gæðastaðla samkvæmt EU reglugerðum og eru rafrænar undirritanir Dokobit löglega bindandi og hafa réttaráhrif alls staðar í Evrópu,“ segir hún og bendir á að fasteignasalar hafi til dæmis tekið upp þessa aðferð í sínu starfi. „Þeir spara þannig bæði eigin tíma og tíma viðskiptavina með því að senda kauptilboð og samninga rafrænt til aðila.“ Félagstofnun Stúdenta nýtir tæknina einnig en í dag bjóða Stúdentagarðar og leikskólar FS upp á rafræna undirritun húsa-leigusamninga og dvalarsamninga á leikskólunum.

Naturhamur slegið í gegn


Sigríður bendir á að vefurinn sé í stöðugri þróun og það viðmót sem notendur búast við sé sibreytilegt. „Fyrir fáum árum þótti það mjög góð viðbót að vefsíður aðlöguðust snjalltækjum sérstaklega, en í dag kemur ekki annað til greina að smíða vefsíðu sem „skalanleg“ er á öll tæki. Notendur búast við þannig svörun,“ segir hún. Sem annað dæmi um aðlögun nefnir hún einnig naturham eða „dark mode“ sem dregur úr skaðlegum áhrifum tölvu- og snjalltækjanotkunar á svefn. „Í kjölfar umræðu um ljósmengun og slæm áhrif ljóss á nætusvefn, og eftir því sem við notum internetið meira og meira, á öllum tímum dags hafa stýrikerfi á síðustu misserum bætt við naturham, þannig að viðmótið sé þægilegra fyrir augun ef að notandi er að nota tæki seint á kvöldin eða í myrkri. Þetta hefur slegið í gegn og notendur eru strax farnir að búast við því að smáforrit og vefsíður fari eftir stillingum í tækjunum þeirra,“ segir hún og bætir við: „Naturhamur hentar einnig vel þeim sem búa við sjónskerðingu, lesblindu eða annað sem hefur áhrif á lestur í tölvum eða snjalltækjum.“

Netheimur leggur ríka áherslu á að viðhalda háu þjónustustigi og góðu og einföldu aðgengi að þjónustunni. „Við sem vinnum í þessum geira verðum alltaf að muna að við erum að búa til vörur og upplifanir fyrir almenning, og þess vegna verðum við að leggja mikla áherslu á aðgengismál.“

Öryggi snjalltækja – Sophos
Netheimur á marga góða samstarfsaðila og má þar nefnda Sophos Security en þeir bjóða upp



Netheimur hefur frá upphafi verið í eigu Ellerts Kr. Stefánssonar og Guðmundar Inga Hjartarsonar. Hér eru Ellert og Sigríður á skrifstofunni.



Netheimar sinna alhliða upplýsingatækniþjónustu fyrir fyrirtæki, allt frá tölvuuppsetningum og tengingum við prentara til hýsinga, vefsíðugerðar og Business Central bókhaldslausna. Netheimur leggur ríka áherslu á að viðhalda háu þjónustustigi og góðu og einföldu aðgengi að þjónustunni.

D Dokobit

á öryggislausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki og brenna fyrir baráttunni gegn netárásum og nú er herjað á öll tæki. „Sophos Intercept X for Mobile er til að mynda frítt í síma og er hægt að nálgast bæði í App Store og Google Play,“ segir Sigríður. „Við hvetjum alla til að

verja tækin sín því það er gríðarlegt tjón að missa allt sitt í hendur stórtækra netþjófna og svo ekki sé minnst á kostnaðarsamt.“

Nánari upplýsingar um Netheim má finna á www.netheimur.is

SOPHOS

Leiðandi í upplýsingaöryggi á Íslandi

Tæknifyrirtækið Syndis var stofnað árið 2013 og býður hvort tveggja upp á öryggisráðgjöf og árásarprófanir fyrir þau fyrirtæki sem vilja verja sig gagnvart árársaraðilum eins og hökkurum.

Að sögn Valdimars Óskarssonar, framkvæmdastjóra Syndis, er mikilvægt að fólk og fyrirtæki séu vakandi fyrir þeim ógnum sem stafa af hökkurum í netheiminum. „Við sjáum þessar ógnir víða í formi fjársvikapósta, stuldar á viðkvæmum upplýsingum með hjálp vefveida, gagnagislatöku og fleira. Okkar markmið er að hjálpa fyrirtækjum að vera skrefinu á undan hökkurunum og bregðast rétt við,“ segir Valdimar.

Viðskiptavinir Syndis eru innlend og erlend fyrirtæki af öllum stærðargráðum sem eiga það sameiginlegt að geyma og vinna með viðkvæmar upplýsingar sem er nauðsynlegt að verja fyrir óprúttum aðilum. „Syndis er skýrt dæmi um að lítið fyrirtæki á hjara veraldar geti gert markverða hluti í hinum stóra heimi. Okkar viðskiptavinir eru í mörgum tilfellum stór alþjóðleg fyrirtæki. Til að mynda framkvæmdum við úttekt og öryggisprófanir fyrir Dropbox, sem hlaut alþjóðlega umfjöllun. Einnig framkvæmdum við víðamikla árásarprófun fyrir stórt bandarískt fyrirtæki í apríl,“ segir Valdimar.

Björn Guðmundsson er yfir viðskiptaþróun hjá Syndis. Að hans sögn er þjónusta Syndis fyrst og fremst í formi þekkingar og hugvits. Þá býður Syndis upp á fræðslu fyrir starfsmenn fyrirtækja til þess að verjast leiðum sem hakkarar nota til þess að brjóta inn í upplýsingakerfi fyrirtækja. „Í gegnum árin höfum við þróað ýmsar

„Ef ég ætlaði að hakka mig inn í Fréttablaðið myndi ég fyrst skoða hvaða búnað þið væruð að nota og er sýnilegur á Internetinu.“

Valdimar Óskarsson

lausnir og þjónustu sem við erum að vörðvæða og gera áþreifanlega fyrir viðskiptavinum. Þá er Syndis að þróa hugbúnað sem gerir það kleift að meta áhættu á ytra umhverfi fyrirtækja með augum hakkara. Að auki býður Syndis upp á eftirlit á innri kerfum til að gera umhverfið öruggara. Með þessu fær viðskiptavinurinn innsýn í sitt öryggislandslag.“

Í spor hakkarans

Starfsemi fyrirtækja á borð við Syndis er oft skipt upp í árársarmiðaða þjónustu og svo varnarmiðaða, oft nefnd „rauða“ og „bláa“ liðið. „Rauða liðið setur sig í hlutverk árársaðila og leitar uppi veikleika í vörnum svo að fyrirtæki geti verið betur í stakk búin til að verjast árásum þegar þær eiga sér stað. Flest öryggisfyrirtæki á íslenskum markaði eru hins vegar í bláa liðinu og leggja mesta áherslu á sölu á lausnum sem miða að fyrirbyggjandi öryggi, eftirliti og viðbragði,“ segir Björn.

„Við setjum okkur líka í spor hakkarans, framkvæmum árásir



Björn Guðmundsson (t.v.) er yfir viðskiptaþróun hjá Syndis og Valdimar Óskarsson er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og prófanir á kerfum og skilum álit og leiðbeiningum um hvernig megi koma í veg fyrir að aðrir geri slíkt hið sama.“ Þá bætir Valdimar við að í dag sé sjaldgæft að hakkarar reyni að brjóta inn í gegnum eldveggi. „Þeir leggjast í rannsóknarvinnu og skoða fyrirtækið og starfsfólk þess. Ef ég ætlaði að hakka mig inn í Fréttablaðið myndi ég fyrst skoða hvaða búnað þið væruð að nota og er sýnilegur á Internetinu. Svo myndi ég greina hvar væru mestu líkurnar á að fólk gerði vitleysur. Af okkar reynslu er alltaf einhver sem

opnar veidipósta. Einnig myndi maður skoða starfsmenn, oft eru forritarar og annað tæknifólk með mikinn aðgang sem væri gagnlegt að komast í og væru því vænleg fórnarlömb óprúttinna aðila. Fyrirtæki byrja oftast á því að biðja um ytra áhættumat, þ.e. finna út hvar eru göt í öryggisgirðingunni. Að því loknu mælum við með innri úttekt, þar sem metið er hvað óprúttinn aðili gæti gert eftir að hafa náð föttestu á innraneti, t.d. með veidipósti.“

Björn bætir við að margir aðilar

séu að þróa hugbúnað sem þau selja svo áfram til viðskiptavina. „Eins og gefur að skilja er gríðarlegt atriði að lausnirnar séu öruggar og öryggisprófaðar svo upplýsingar notenda séu ekki berskjaldaðar fyrir óprúttum aðilum. Oft komum við inn á lokametrunum og gerum öryggisprófanir. Það er samt langbest þegar við erum hluti af þróunarferlinu, því þegar upp er staðið er mun dýrara að laga vanda málin þegar hugmynd er komin í framleiðsluferli, heldur en að koma einfaldlega í veg fyrir að villurnar og vandamálin verði til.“

Netöryggiskeppni ungmenna

„Eitt af okkar markmiðum er að auka áhuga ungs fólks á netöryggi og erum við framkvæmdaðili netöryggiskeppni ungmenna, sem haldin er í tengslum við UT messuna, á vegum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins. Markmið keppinnar er að velja tíu manna lið til að taka þátt í ESCS 2021 fyrir Íslands hönd. Samkvæmt reglum ESCS verða keppendur að vera á bilinu 14-25 ára (fædd á árunum 1996 til og með 2007).“

Netöryggiskeppnin fer fram í tveimur hlutum. Tveggja vikna forkeppni hófst fyrsta þessa mánaðar og lýkur 15. febrúar. Keppendur sem standa sig best í forkeppninni öðlast þátttökurétt í landskeppninni í mars. Frammi staða keppenda þar verður lögð til grundvallar þess að velja tíu manna hóp til að taka þátt í ECSC 2021 í lok september í Prag.“

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Einn mikilvægasti stuðningsaðili nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.

Næsti umsóknarfrestur er 15. mars 2021, kl. 15.00.

Nánari upplýsingar eru á tths.is



tths.is



Tækniþróunarsjóður

Mikil hagræðing með stafrænu bókhaldi

Unimaze gerir bókhaldskerfum kleift að lesa inn upplýsingar og spara þannig vinnu, pappír og umsýslu.

Unimaze er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði sem býður upp á að senda og móttaka rafræn viðskiptaskjöl, svo sem reikninga, pantanir, greiðslukvittanir og fleira. Félagið leggur sig fram um að vera í fararbroddi þegar kemur að stöðlum, áreiðanleika og tæknilegum lausnum, svo sem sannreyningu, vottun og örugga auðkenningu. Unimaze er með starfstöðvar í þremur Evrópulöndum og viðskiptavinum um allan heim. „Það eru alls konar bókhaldskerfi í gangi, sem þurfa að geta sent upplýsingar á milli.“

Og stundum geta eldri og yngri útgáfur sömu kerfa ekki einu sinni miðlað upplýsingum á milli með einföldum hætti,“ segir Einar Geir Jónsson, markaðsstjóri Unimaze og útskýrir nánar: „Afstemmingar og samþykktarkerfi í fyrirtækjum miða enn þann dag í dag við þá tíma þegar ekki var annar kostur en að handskrifa eða vélrita reikninga. Einnhver sendir reikning á fyrirtæki hvort sem er með pósti eða tölvupósti og á hinum endanum er einhver sem móttekur reikninginn og skráir inn í kerfið. Svo þarf að samþykka reikninginn og þá má loksins bóka, borga og auðvitað stemma af. Þegar bókhaldskerfin tala saman er hægt að slá inn reikning í kerfi sem fer beint á viðtakanda,



Einar Geir Jónsson, markaðsstjóri Unimaze. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þar er hann sjálfkrafa samþykktur ef gögn finnast um að pöntun hafi verið gerð sem sannar að það var vilji fyrir þessum útgjöldum og svo er greitt.“ Þannig er hægt að fækka umtalsvert handtökum kringum reikninga svo greiddandi þarf ekki annað en að samþykka með einum smelli. Þannig má gera afstemmingu svo gott sem sjálfvirka. Þetta er stafrænt bókhald.

Hjá okkur eru vörulistar, reikningur og pöntun allt hluti af sama ferli. Þegar pöntun og reikningur passa síðan saman í kerfinu getur kerfið lesið samþykktina, bókað reikninginn og samþykkt hann

ef því er að skipta. Þannig verður gríðarlega mikil hagræðing,“ segir Einar sem áætlað að þjóðarbúið gæti sparað sér allt að 40 milljarða með því að taka alfarið upp starfrænt bókhald.

Unimaze ehf. er íslenskt sprotafyrirtæki sem var stofnað árið 2003 og hóf starfsemi með sérhæfingu í rafrænum viðskiptum árið 2006. Félagið er að stærstum hluta í eigu Origo og stofnandans, Markúsar Guðmundssonar. Nánari upplýsingar má finna á www.unimaze.com/is.

Þú afritar ekki eftir á!

Tölvuaðstoð hefur frá árinu 2004 haldið vel utan um öryggismál fyrirtækja þegar kemur að afritun gagna og vöktun tölvubúnaðar. Þar veita sérfræðingar tölvuaðstoð við allt sem til þarf.

Ég byrjaði að afrita tölvugögn fyrir aðra haustið 2004. Þá fór ég heim til fólks og eitt af mínum fyrstu verkefnum var að líta inn til konu sem gaf út bæði bækur og fræðiefni sem ekki mátti glatast. Í þá daga voru ekki komin ský, eins og nú er. Ég spurði konuna hvort hún ætti afrit af bókum sínum og öðrum dýr-mætum efnivið úr tölvunni. Það lá ekki á svörum. Jú, hún ætti sko afrit af öllu saman; það væri allt útprentað uppi í hillu! Mér tókst á endanum að sannfæra hana um að ég kæmi einu sinni á ári til að taka hjá henni afrit, því það yrði mikil vinna að setja allt inn aftur af pappírnum ef eitthvað brygðist og svo gætu útprentuðu afritin líka glatast eða skemmst. Eftir það fór ég árlega til hennar í afritun sem ég setti á zipdiska, teip eða geisla-diska, eins og tíðkaðist þá, en svo hafa tímarnir þróast og við með.

Þetta segir Valgeir Ólafsson, framkvæmdastjóri Tölvuaðstoðar, sem einnig rekur Afrit.is.

Áhyggjulausara líf

Tölvuþjónusta, hýsing og rekstur eru aðalmerki Tölvuaðstoðar sem býður upp á ráðgjöf, tölvuþjónustu, rekstur útstöðva, netþjóna og netkerfa, þjónustu við hýsingarumhverfi, eftirlit og allt annað sem gerir lífið áhyggjulaust með sérstaka áherslu á öryggisþáttum í rekstri UT-kerfa.

„Við sérhæfum okkur í þjónustu á skýjaþjónustum við Microsoft 365, Azure og Google Workspace (áður G suite) en með notkun á þeim getur rekstrarkostnaður tölvukerfa lækkað umtalsvert,“ upplýsir Valgeir sem hefur þjónustað gríðarlegan fjölda viðskiptavina af ýmsum gerðum og stærðum frá því hann stofnaði Tölvuaðstoð árið 2004.

„Við leggjum okkur fram um að veita persónulega og vandaða þjónustu á hagstæðu verði og bjóðum upp á heildarþjónustu þegar kemur að tölvukerfum, hvort sem það er hýsing, ráðgjöf, hugbúnaður, vélbúnaður, net eða annað. Ráðgjafar okkar hafa sérhæft sig í kostnaðargreiningu þar sem kostnaður fyrirtækja og rekstur UT-kerfa er rýndur og lækkaður. Þá hafa sérfræðingar Tölvuaðstoðar sérhæft sig í öryggismálum tölvukerfa og öryggisráðgjöf,“ segir Valgeir og starfsfólk hans býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á öllum sviðum tölvuaðstoðar.

Vakta tölvukerfi fyrirtækja

Hartnær tuttugu árum eftir að Tölvuaðstoð var stofnuð er kjarnastarfsemi fyrirtækisins enn hvers kyns tölvuaðstoð, sem og afritun tölvugagna, en Afrit.is var hleypt af stokkunum í desember síðastliðnum.

„Afrit.is er ný þjónusta hjá okkur. Með henni leggjum við áherslu á að geta boðið lausnina fyrir alla, óháð því hvort þeir séu þegar í þjónustu hjá okkur með tölvuna sína eða annað. Því geta allir leitað lausna með afritun hjá okkur og enginn þarf lengur að glata neinu,“ segir Valgeir.

Tölvuaðstoð er einnig með svokallaðar vaktir þar sem tölvukerfi fyrirtækja eru vöktuð og séð til þess að allt gangi snuðrulaust.

„Hægt er að velja um Silfur-, Gull- eða Platinumvaktir, en í Silfurvaktinni er tölvuvakt, lykilorðalaus innskraining, tölvupóst-hýsing, gagnageymsla, Microsoft Office-forrit, fjaraðstoð, lykilorða-umsýsla, eftirlit með virusvörn og



Valgeir Ólafsson, framkvæmdastjóri Tölvuaðstoðar, sem gerir lífið áhyggjulausara fyrir fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Afritun sparar tíma og peninga sem annars færu í að endurheimta gögn sem glatast. Best er að afrita öll gögn strax.

TÖLVUAÐSTOÐ

Tölvuaðstoð veitir alla almenna tölvuþjónustu, hýsingu og rekstur.

eftirlit með öryggisuppfærslum,“ upplýsir Valgeir.

„Í Gullvaktinni er allt úr Silfurvaktinni innifalið en við bætist eftirlit með nettenginum, USB öryggislyklar, sjálfvirkar lagfæringar, forgangsþjónusta, fjarvinnsla að heiman og aðgangur að Vaktinni, og í Platinumvaktinni er allt úr Silfur- og Gullvaktinni innifalið en við bætist afritun gagna af sameign, umsjón með tækjum og er öll þjónusta innifalin.“

Tölvan spegluð eins og klón

Skýjalausn Tölvuaðstoðar heitir einfaldlega Ský.

„Í Skýinu er allt afritað fyrir viðskiptavinum; til dæmis póstur, skjöl, tengiliðir, dagatöl og Teams-

spjallið. Önnur nýleg og vinsæl þjónusta er Spegln og er hægt að keyra Spegln og Ský saman. Þá afritun við skýjaþjónustuna og speglnum í gegnum tölvu eða netþjóna,“ upplýsir Valgeir og útskýrir Spegln betur:

„Sé tölvu stolið eða hún eyðileggst er hægt að nálgast gögnin úr henni í skýinu þar sem allt er vistað og speglað. Því fylgir mikið öryggi og tímasparnaður því oft má fólk engan tíma missa og þarf að komast sem fyrst í tölvuna aftur. Þá getur tekið upp í sólarhring að setja allt upp í nýja tölvu. Með speglnum, þar sem allt er afritað og vistað í skýinu, verður hins vegar leikur einn að ná í öll gögn strax og notandinn

getur endurheimt tölvuna sína, nákvæmlega eins og hún var, með hálfgerðu klóni sem við höfum speglað í skýinu. Þá skiptir engu máli hvar í heiminum hann er staddur, notandinn fer einfaldlega í næstu tölvu og ræsir upp tölvuna sína í skýinu, þar er hún sýnd nákvæmlega eins og hann vann í henni síðast, því speglnin bíður í skýinu. Þessi þjónusta er orðin mjög mikilvæg og æ fleiri sem tryggja sér hana fyrir lykilstarfs-menn og stjórnendur og þar sem á þarf að halda.“

Allar afritunarlausnir Tölvuaðstoðar eru ótakmarkaðar þegar kemur að gagnamagni, speglnum og skráarlausnum.

„Við bjóðum ótakmarkaða Spegln og skráarþjónustu sem við geymum í gagnaverum hér heima og í Þýskalandi. Öll gögn eru því geymd á öruggum stað og hægt að endurheimta þau mjög hratt. Þá geta viðskiptavinir fengið eigin aðgang til að endurheimta gögn sín. Sumir vilja keyra tölvuumhverfi sín sjálfir og þurfa þá ekki speglnarlausn en vilja geta endurheimt, og það getur verið hagkvæmara í sumum tilvikum.“

Enginn alveg öruggur í skýi

Valgeir segir marga standa í trú um að tölvugögn sín séu örugg í skýjum stóra fyrirtækja, svo sem Microsoft og Google.

„Það er hins vegar alrangt. Víst eru tölvugögn að einhverju leyti öruggari í skýjum en þegar þau eru eingöngu vistuð á óafrituðum netþjónum eða í tölvu notandans, en bæði Microsoft og Google leggja á það áherslu að allir notendur þeirra skýjaþjónustu taki afrit sem þeir geymi hjá þriðja aðila. Það er vegna þess að árásir á skýjaþjónustur hafa aukist, en líka vegna



Að taka alltaf afrit af tölvugögnum getur bjargað rekstri fyrirtækja.

Þess að gögn geta einfaldlega skemmst eða einhver eytt þeim og þá er allt horfið.“

Valgeir bendir á að verðmætasta eign fyrirtækja séu gögn sem þau geymi í skýjum.

„Í skýjunum eru þau þó engan veginn örugg og hafa kannanir sýnt að átta af hverjum tíu fyrirtækjum hafi tapað gögnum úr skýjaþjónustum vegna vírusa, vélbúnaðarbilana, árasa eða mannlegra mistaka. Þá er gís-lata á skýjaþjónustum að verða æ algengari til að kúga fé út úr rekstraraðilum.“

Að ýmsu þurfi að huga við afritun tölvugagna.

„Miklu skiptir að öll gögn séu geymd dulkóðuð og sömuleiðis að flutningur gagna sé dulkóðuður alla leið frá tölvu eða skýi yfir í gagnaverin. Einnig er mikilvægt að hægt sé að endurheimta gögn á einfaldan og skjótvirknan máta, með því að ræsa tölvuna í skýinu, setja tölvuna upp á nýjan tölvubúnað, hlaða niður gögnum eða skrár fyrir sýndarvél, endurheimta einstök drif og fleira,“ útskýrir Valgeir og heldur áfram:

„Þá er brynt að afritun af tölvugögnum sem vistuð eru beint á tölvu eða netþjón sé sjálfvirk, þar á meðal möppur, ljósmyndir og skjöl. Mikilvægt er að kerfið geymi útgáfur af öllum skjölum þannig að göð skjalasaga sé til staðar ef eitthvað bregst.“

Afritun veitir hugarró

Valgeir hefur komið að fyrirtækjum sem telja sig vera í göðum málum með afritun en raunin hafi verið sú að afritið hefur verið ófullnægjandi, óvirkt eða horfið. Hann mælir því með að rekstraraðilar leiti sér ráðgjafar við val á afritunarlausnum fyrir skýjaþjónustur.

„Afritun getur hreinlega bjargað rekstrinum,“ segir Valgeir. „Því er mikilvægt að skilgreina hverju þurfi að taka afrit af, hversu mörgum þurfi að taka afrit af, hversu mikið gagnamagn sé um að ræða og hversu hröð og einföld endurheimt gagna þurfi að vera.“

Rannsóknir hafi sýnt að mikill fjöldi fyrirtækja hafi einfaldlega orðið fyrir það miklum skaða að þau hafa þurft að hætta rekstri. „Afritun sparar tíma og peninga sem annars færi í að endurheimta gögn sem glatast. Þar veitir sjálfvirk afritun hugarró þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af gagnatapi. Þá getur afritun haft jákvæð áhrif á mynd og traust fyrirtækisins, og einfaldlega ekki eftir neinu að biða. Við afritun ekki eftir á og því er best að afrita öll gögn strax.“

Tölvuaðstoð er í Stangarhyl 1 í Reykjavík. Sími 550 0200. Sjá nánar á tolvuadstod.is og afrit.is.



Tölvur eiga sitt eigið tungumál.

Tölvuorðasafnið til hjálpar

Tölvuorð- og hugtök geta vafist fyrir fólki. Þá hjálpar að geta leitað útskýringa í Tölvuorðasafninu í Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tölvuorðasafnið er afrakstur vinnu sem Orðanefnd Skýrslu- tæknifélags Íslands innti af hendi á 45 ára tímabili, frá 1968 til 2013. Þar var safnað íslenskum orðum um tölvur og gagnavinnslu og erlend orð þýdd. Safnið kom fyrst út árið 1983 og hafði að geyma rösklega 700 hugtök með tæplega þúsund íslenskum heitum og yfir þúsund ensk heiti. Önnur útgáfa birtist árið 1986, þá voru hugtökin tæplega 2.600 og þeim fylgdu um 3.100 íslensk heiti og nær 3.400 ensk heiti. Þriðja útgáfan var gefin út 1997 og hafði að geyma um 5.800 íslensk heiti og um 6.500 ensk heiti á rúmlega 5.000 hugtökum. Fjórdi útgáfan kom út 2005 og var jafnframt síðasta útgáfan á prenti, með um 6.500 hugtök, 7.700 íslensk heiti og um 8.500 ensk heiti.

Fimmta útgáfa Tölvuorðasafnsins var sett á vefsíðu árið 2013. Hún er aðgengileg til leitar í Íðorðabankanum og einnig má skoða Tölvuorðasafnið á heimasíðu Þorsteins Sæmundssonar. Allar útgáfur Tölvuorðasafnsins voru á hendi fjögurra nefndarmanna, undir formennsku Sigrúnar Helgadóttur: Baldurs Jónssonar (1976-2009), Sigrúnar Helgadóttur (1978-2013), Þorsteins Sæmundssonar (1978-2013) og Arnar S. Kaldalóns (1978-2013).



David Walliams gerði óhjálplega starfskraftinn hana Carole Beer ódauðlega í þáttunum Little Britain.

Tölván segir nei

Computer says no“ er einn af fyndnari grinsketsum sem komu frá Little Britain tvíeykinu, þeim David Walliams og Matt Lucas sem gerðu ýmsa óborganlega karaktera ódauðlega í samnefndum sjónvarpsþáttum.

Frasinn er tileinkaður Carol Beer, bankastarfsmanni, nokkru síðar starfsdömu á ferðaskrifstofu og svo í móttöku á spítala. Carol, leikin af David Walliams, er holdgervingur hins óhjálplega starfsmanns sem flest okkar hafa rekist á, líklega oft á lífsleiðinni. Hún er þessi dæmigerði starfsmaður í viðskiptamannþjónustu sem finna má í anddyri ýmissa stofnana, ósjaldan opinberra. Bak við gler með tölvuskjá á milli sín og viðskiptavinar. Þegar hún er beðin um að veita upplýsingar eða þjónustu sem ætti að vera í hennar verkahring, lítur hún áhugalaus á kúnna, lítur á tölvuskjáinn, pikkar handahófskennt á lykklaborðið, lítur aftur á viðskiptavin daufum augum og segir „Computer says no“ eða „tölván segir nei“.

Upplýsingatækni nýtist vel

Nám í upplýsingatækni er í boði hjá háskólum hér á landi og margir hafa nýtt sér það enda er sívaxandi þörf fyrir menntun á þessu sviði. Námið gagnast til dæmis sérlega vel kennurum enda hefur upplýsingatækni rutt sér til rúms í flestum grunn- og framhaldsskólum. Námið hentar vel fyrir þá sem vilja efla forystu í þróun skólastarfs með hagnýtingu stafrænnar tækni. Upplýsingatækni nær í


rauninni yfir vítt svið. Upplýsingatækni nýtist vel við gagnavinnslu. Með tækni er átt við tölvutækni, fjarskiptatækni og rafeindatækni. Upplýsingatækni er notuð í viðskiptalífínu, í iðnaði, í skólastarfi, við fjarnám, á heimilum, í stórmörkuðum og á bókasöfnum.

Námið hentar vel þeim sem hafa reynslu af fræðslustörfum og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig í starfi, að því er segir á heimasíðu Háskólans á Akureyri. Nemendur

» Námið hentar þeim sem hafa reynslu af fræðslustörfum.

skulu hafa lokið grunnnámi á háskólastigi.

Nám og störf í upplýsingatækni eru fjölbreytt og henta konum ekki síður en körlum.



Upplýsingatæknin hefur rutt sér til rúms í grunnskólum með spjaldtölvum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



STOKKUR

Snjöll öpp



Stokkur hefur hannað og forritað flest af vinsælustu öppum Íslands í yfir 13 ár

Við höfum sérhæft okkur í að finna leiðir til að auðvelda notendum aðgengi að þjónustu fyrirtækja með notendavænum lausnum í gegnum snjallsíma.

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ FINNUM TÍMA Í SPJALL
STOKKUR SOFTWARE • ÞÓRUNNARTÚN 2 • STOKKUR@STOKKUR.IS



ÚTSALAN

ER Í
FULLUM
GANGI



icebreaker®

Einnig
fánleg í
barna-
stærðum

30-70%

afsláttur



OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar • Hjólabakpokar
Dufflar • Ferðatöskur

30-50%

afsláttur



30-50%

afsláttur



30%

afsláttur



30-50%

afsláttur



GÖNGUSKÓR
OG SANDALAR

20-50%

afsláttur



ALLAR  OG  VÖRUR
MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18.



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

 HAGVANGUR

Tilkynningar



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

AUGLÝSING Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðsvæðis

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 27. janúar 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðsvæðis, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan gerir ráð fyrir að svæði á núgildandi deiliskipulagi merkt "Þjónustustarfsemi" verði breytt í íbúðasvæði. Gert verður ráð fyrir 2, tveggja hæða fjölbýlishúsum á svæðinu, öðru með 8 íbúðum og hinu með 6 íbúðum. Að auki verður einnig gert ráð fyrir einni einbýlishúsalóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti og vísast til hans um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogum frá og með mánudeginum 8. febrúar 2021 til og með mánudagsins 22. mars 2021. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en mánudaginn 22. mars 2021.

Vogum, 8. febrúar 2021
Sigurður H. Valtýsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Ódýrasti smájeppinn fyrir íslenskar aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*



DACIA^{4x4} DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS

2.790

ÞÚSUND stgr.

Skodum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: 4.450 þús

* m.v. 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Komið og reynsluakið

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

**2017-
2019**

Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri

Vískaþlaðið  keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

LEIÐTOGAR Í EIGIN LÍFI

Örnámskeið fyrir 14-17 ára í samstarfi við Dale Carnegie



FYRIR UNGMENNI SEM HAFNA GREINST MEÐ KRABBAMEIN OG ÞAU SEM ERU AÐSTANDENDUR

Í samstarfi við Dale Carnegie bjóðum við 14-17 ára ungmenni sem greinst hafa með krabbamein, eða eru aðstandendur, velkomin á tveggja skipta námskeið í Ljósinu.

Á námskeiðinu setjum við raunhæf markmið fyrir vorið og mótum framtíðina á okkar eigin forsendum. Við skoðum styrkleikana okkar og finnum eldmóðinn sem þarf til að ná sem mestum árangri. Við þjálfumst í að líta á áskoranir sem tækifæri til þess að efla okkur og ná lengra.

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu og fer fram í húsnæði Ljóssins að Langholtsvegi 43, fimmtudagana 4. og 11. febrúar milli 19:30-21:30.

Skráning fer fram í móttöku Ljóssins í síma 561-3770



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík 0 5 °C ←	Ísafjörður -3 9 °C ↙	Akureyri -4 2 °C ↑
Egilsstaðir -5 0 °C ○	Kirkjubæjarkl 0 4 °C ↙	Hveravellir -10 8 °C ↘

Norðaustan 3-10 í dag, en 10-15 á Vestfjörðum. Dálítill snjókoma um landið norðanvert, en el sunnanlands seinnipartinn. Hiti frá frostmarki syðst, niður í 8 stiga frost í innsveitum fyrir norðan.

Miðvikudagur

Reykjavík 2 5 °C ↗	Ísafjörður -6 3 °C ↙	Akureyri -5 0 °C ○
Egilsstaðir -4 1 °C ↖	Kirkjubæjarkl 1 3 °C ↙	Hveravellir -8 5 °C ↑

Fimmtudagur

Reykjavík 3 9 °C ↖	Ísafjörður -1 3 °C ↖	Akureyri -1 1 °C ↑
Egilsstaðir -1 3 °C ↑	Kirkjubæjarkl 2 6 °C ↖	Hveravellir -3 11 °C ↑

LÉTT

	6		2	9		7	1
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1		3	
	2						
8	4	7		6			5
			9	6	3	1	7
		4		7		8	
9			8	2			

MIDLUNGS

3	1						
2	8			9		4	3
		9	3	8		6	7
5	7		6			3	1
6		1				8	5
						4	
			9				
1	3	5		2	4		9
	9			5			

PUNG

			8		3	9	2
5	7					8	
			1	2			
		5			9		
		4		7			2
6						3	
		6					4
3	5				8		6
9							

Krossgáta

- LÁRÉTT**
1 hrísluskógur
2 sár
6 hæð
8 skipa
10 í röð
11 stig
12 vöndull
13 fleygur
15 púður
17 nötra

- LÓDRÉTT**
1 slengjast
2 efldu
3 miski
4 röndin
7 skemmtun
9 aragrúi
12 skjól
14 fát
16 rún

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 kjarr, 5 aum, 6 ás, 8 skikka, 10 tu, 11 samkoma, 9 krökk, 12 hæl, 14 pat, 16 ur.
LÓDRÉTT: 1 kastast, 2 juku, 3 am, 4 rákin, 7 rím, 12 hönk, 13 spæk, 15 tálkum, 17 títra.

Skák Gunnar Björnsson

Arnar Milutin Heiðarsson (1911) átti leik gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2130) á Skákþingi Reykjavíkur

20. g! 1-0. Svartur er gjör-samlega varnarlaus og gafst upp. Vignir Vatnar Stefánsson vann sigur á Skákþinginu. Þar sem Vignir hefur hvorki lögheimili í Reykjavík né er í reykvisku félagi varð Hjörvar Steinn Grétarsson skákmeistari Reykjavíkur. Guðmundur Kjartansson varð þriðji. www.skak.is: Skákþing Reykjavíkur



Hvítur á leik

8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



VELDU GÆÐI!

Taktu forskot á Bolludaginn.

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur alla helgina 5. til 7. febrúar.

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30

laugardaga 8.00 - 16.00

sunnudaga 9.00 - 16.00

.....

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Barnabók fyrir fullorðna um sköpun listaverks

Dvergurinn frá Normandí eftir Lars-Henrik Olsen er komin út á íslensku. Reynir Tómas Geirsson læknir og fyrrverandi prófessor ritar inngang. Eiginkona hans Steinunn J. Sveinsdóttir þýddi skáldsöguna.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Skáldsagan Dvergurinn frá Normandí eftir danska rithöfundinn Lars-Henrik Olsen er komin út hjá Bókabeitunni í þýðingu Steinunnar J. Sveinsdóttur.

Fyrir næstum þúsund árum fóru Normannar, afkomendur víkinga sem höfðu sest að í norðurhluta Frakklands (Normandí), með mikinn her yfir Ermarsund til að ná undir sig enska konungsríkinu. Sú innrás breytti Evrópusögunni og heimssögunni þegar fram liðu stundir. Áratug seinna, á árunum 1075 til 1077, var sagan af því hvernig þetta gerðist saumuð á rúmlega 70 metra langan hördúk eða svokallaðan „refil“ sem hefur varðveist í Bayeux í Frakklandi. Sennilega var refillinn, eitt merkasta listaverk sem til er frá þessum tíma, gerður í Englandi. Skáldsagan Dvergurinn frá Normandí fjallar um stúlkurnar sem saumuðu hann.

Steinunn J. Sveinsdóttir lífeindafræðingur þýddi bókina. Hún lést árið 2018 og þá tók eiginmaður hennar, Reynir Tómas Geirsson læknir og fyrrverandi prófessor, að sér að rita inngang og yfirfara þýðinguna, sem nú kemur út hjá Bókabeitunni. „Það tók Steinunni



Reynir Tómas er að þýða bókina á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

nokkur ár að þýða bókina. Ég fékk ráð og yfirlestur varðandi þýðinguna, og um efni inngangsins, frá sérfræðingum við Háskóla Íslands og í Þjóðminjasafni. Sjálfur hef ég lesið talsvert mikið um efnið og grand-

skoðaði refillinn í annað sinn árið 2019,“ segir Reynir Tómas.

Áhugavert efni

„Hér er hugljúf og grípandi skáldsaga um það hvernig tvær ungar

SAGAN GEFUR INNSÝN Í TÍÐARANDANN, KLAUSTURLÍF, HUGSANAGANG OG ERFITT LÍF ÞESSARA TÍMA.

stúlkur, Fífa og Emma, og tvær ungar konur, Gyða og Poppa, fá það verkefni í klaustri í Kent á Englandi að sauma refillinn undir stjórn Þóralds, sérstæðs dvergaxins manns. Aðrar sögupersónur eru bitur engilsaxneskur höfðingi, abbadís klaustursins, myndarlegi hestaveinninn, biskupinn Ódó frá Normandí og fólkið í klaustrinu“, segir Reynir Tómas. „Eiginkona mín kallaði bókina gjarnan „barnabók fyrir fullorðna.““

Lars-Henrik Olsen er þekktur fyrir unglingsbækur sem hann byggir á sögulegum atburðum. Dvergurinn frá Normandí er ein þeirra og hlaut á sínum tíma verðlaun skólabókasafna í Danmörku.

„Sagan gefur innsýn í tíðarandann, klausturlíf, hugsanagang og erfitt líf þessara tíma og er fléttad inn í frásögn af raunverulegu atburðinum sem enduðu í mannskæðri orrustu við Hestengi syðst í Englandi haustið 1066. Hluti bókar-

innar eru myndir í lit af öllum refilinum á sömu blaðsíðum og þar sem lýst er af hverju allt er saumað eins og það er. Í inngangi eru sögulegar staðreyndir raktar og sagt frá refil-

saumi sem varðveittist aðeins á Íslandi langt fram eftir 17. öld,“ segir Reynir Tómas. „Efnið er líka áhugavert vegna þess að það er nýbúið að ljúka saumaskap á svokölluðum Njálurefli á Hvolsvelli, sem er meiriháttar verk, og á Blönduósi er verið að sauma refil með aðeins annarri aðferð um Vatnsdælasögu. Svo sagði Snorri Sturluson

frá þessum atburðum í Heimskringlu og Haraldar sögu harðráða – frá öðrum sjónarhóli.“

Vinnur að enskri þýðingu

Reynir Tómas segir að til standi að flytja refillinn í Bayeux í fyrsta sinn úr landi og sýna hann í British Museum eða Victoria & Albert safninu í Lundúnum um tíma. Það var áformað árið 2022 en gæti frestast eitthvað. Reynir Tómas segist vera kominn nokkuð áleiðis með að þýða bókina á ensku með leyfi höfundarins og áhugi er fyrir hendi hjá enskum bókaútgefanda.

Kaotísk kæti í Kardemommubæ

LEIKHÚS

Kardemommubærinn

★★★★★

Verk eftir Thorbjörn Egner

Þjóðleikhúsið

Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir
Leikarar: Hallgrímur Ólafsson, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi), Oddur Júlíusson, Ernesto Camilo Aldazábal Valdés, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Gunnar Smári Jóhannesson, Hildur Vala Baldursdóttir, Hákon Jóhannesson, Hera Katrín Aradóttir, Rebecca Scott Lord, Nicholas Arthur Candy, Sindri Diego, Rebecca Hidalgo, Bergþóra Hildur Andradóttir, Vala Frostadóttir, Arnaldur Halldórsson, Jón Arnór Pétursson, Bjarni Gabríel Bjarnason, Hilmar Máni Magnússon, Örn Árnason, Ragnheiður K. Steindórsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir o.fl.

Leikmynd: Högni Sigurbórsson
Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Leikgervi: María Th. Ólafsdóttir og Valdís Karen Smáradóttir
Tónlistarstjórn og útsetningar: Karl Olgeir Olgeirsson
Danshöfundur: Chantelle Carey
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Hljóð: Kristinn Gauti Einarsson
Þýðing leiktexta: Hulda Valtýsdóttir
Þýðing söngtexta: Kristján frá Djúpálæk

Síðan Kardemommubærinn var fyrst frumsýndur í Þjóðleikhúsinu fyrir sextíu árum hefur söngleikurinn komið sér kirfilega fyrir í þjóðarsálinni. Hver ný útgáfa markar ákveðin tímamót í leiklistarsögu landsins þegar ný kynslóð fær tækifæri til að stíga inn í heim Bastíans bæjarfógeta, Soffiu frænku og ræningjanna þriggja.



Ræningjar þrír slá vitanlega í gegn í Þjóðleikhúsinu. MYND/ADSEND

Ágústa Skúladóttir leikstýrir herlegheitunum.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir skipta hlutverki Soffiu frænku á milli sín á meðan á sýningum stendur. Ólafía Hrönn hóf handtöskuna á loft, í sýningunni sem þessi gagnrýnandi sá, með svo miklum tilþrifum að húsið titraði. Fruntaskapurinn er svo svakalegur, sérstaklega fyrir hlé, að hann verður fyndnari með hverju atriðinu. Ræningjarnir þrír, Kasper, Jesper og Jónatan sjá þó til þess að Soffía frænka steli ekki sýningunni upp á sitt einsdæmi. Þrenningin Hallgrímur Ólafsson, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi) og Oddur Júlíusson vinna frábærlega vel saman, af mikilli leikgleði. Hver og einn kemur með sinn styrkleika;

Hallgrímur með raddbeitinguna, Sverrir Þór með aulaháttinn og Oddur virðist vera liðamótalaus með öllu. Ekki má gleyma ljóninu góða leiknu af Ernesto Camilo Aldazábal Valdés sem valhoppar um sviðið eins og óþekkur köttur.

Ekki skortir hæfileikana

Auðvitað er urmull af öðrum skemmtilegum Kardemommubæjaráttakendum og þess er gætt að fylla sviðið af freynsluboltum í bland við þá sem eru að taka sín fyrstu skref. Örn Árnason leikur Bastían bæjarfógeta af mikilli ljúfmennsku og Ragnheiður gefur honum lítið eftir. Virkilega gaman er að sjá Þórhall Sigurðsson í hlutverki Tobiasar í turninum. Hann er búinn að vinna mikið og gott starf í þágu barna svo

árum skiptir. Hér fær hann tækifæri til að skína og grípur það svo sannarlega. Bjarni Snæbjörnsson, Gunnar Smári Jóhannesson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir gera vel með sínar einföldu en klassisku persónur en aðrir karakterar tynast svolítið í havariinu. Stór hópur af ungu fólki tekur þátt í sýningunni og ekki skortir hæfileikana þar á bæ, það er dásamlegt að sjá þau njóta sín.

Ágústa vinnur hverja senu af kostgæfni og hópseunarnar geisla af gleði. Þar spilar danshöfundurinn Chantelle Carey stórt hlutverk en hún er að stimpla sig rækilega inn í íslenska söngleikjaheiminn. En senukiptin gerast of hægt og eru oftast ekki einungis stillimyndir á meðan áhorfendur bíða eftir

næsta atriði. Karl Olgeir Olgeirsson stjórnar tónlistinni og útsetur með fjögurum djasstilbrigðum. Lögin eru fyrir löngu síðan prentuð inn í genamengi þjóðarinnar og útfærslur hans heppnast vel en passa stundum ekki alveg við heildina.

Of mikið að gerast í einu

Hvað fagurfræðina varðar þá er hér nefnilega á ferð heil holskefla af hugmyndum, þar á meðal heill sirkushópur og dýragarður. Búningarnir, hannaðir af Maríu Th. Ólafsdóttur, virðast aðallega vera innblásnir af Suður-Ameríku og teikningum Egner, nóg er samt tínt úr öðrum heimum. Niðurstadan verður hátíð af kaotísku menningarnámi í bland við virkilega finar lausnir eins og ljónabúninginn. Leikgerva- og grímuvinnan er mikið afrek en hefði mátt tóna niður. Leikmynd Högna Sigurbórssonar á við sama vandamáli að stríða þar sem hver hugarsmiðin rekur aðra í staðinn fyrir að velja þær bestu úr. Grunnhugmyndin er góð og vel hönnuð fyrir stóra sviðið en stundum er allt of mikið að gerast í einu.

Litagleði og fjör er kærkomin gjöf í haustretinu en fyrr má nú vera. Kardemommubærinn þarf ekki slíka ofhleðslu enda er kætinn innbyggð í textann og lögin. Ágústa og hennar listræna teymi þurfa ekki svona mikið þrjá til að fá áhorfendur á sitt band. Þrátt fyrir fagurfræðilega vankanta þá er samt sem áður ógerlegt að hrifast ekki með Soffiu frænku og ræningjunum.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Soffía frænka og ræningjarnir bjarga deginum!

Athugasemd: Dómurinn var skrifadur eftir frumsýningu en örskömmu síðar var sýningum hætt vegna samkomutakmarkanna. Sýningar eru nú hafnar að nýju.

NORÐLENSKA

Eldast fljótt

Það tekur aðeins örfáar mínútur að elda bollurnar frá Norðlenska.
Njóttu tímans með börnunum, því þau eldast svo fljótt.



DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

- 20.00 Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
- 20.30 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
- 21.00 21 - Fréttabáttur á þriðjudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendir og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
- 21.30 Sjónin** Fróðlegur þáttur um nýjustu vísindi augnlækninga; lazertækni, augasteinaskipti, augnotnaaðgerðir og meðferð við augnþurrki.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
09.10 Kastljós
09.25 Risasvíg kvenna HM í alþingunum Bein útsending.
11.15 Af fingrum fram Páll Rósinkrans
11.55 Á fjöllum - Líf skýjum ofar
12.50 Menningin
13.00 Velferð eldri borgara - fræðslufundur Fræðslufundur á vegum Óldrunarráðs Íslands og Landssambands eldri borgara. Hverjar eru áskoranir eldri borgara og hvernig er hægt að eiga innihaldsrikt líf alla ævi? Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, flytur opnunarávarp. Fundarstjóri er Jórunn Frimannsdóttir, formaður Óldrunarráðs Íslands.
15.05 Útsvar 2007-2008 Reykjavík - Garðabær
15.55 Heragi
16.45 Timafلاك Doctor Who
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr
18.29 Hönnunarstirnir
18.46 Hugurflug Galdrar!
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli
20.30 Eldað úr afskurði Mat-sjokket
21.00 Síðasta konungsríkið Last Kingdom Þriðja þáttaröð ævintýralegra spennuþátta sem gerast í Englandi á síðari hluta níundu aldar. Heilsu Alfreðs hrakar og draumur hans um sameinað England fjarlægist. Uhtred verður að grípa í taumana og takast á við nýja ögn, hina dönsku Sigríð. Aðalhlutverk: Emily Cox, Alexandre Willaume, Alexander Dreymon, Timothy Innes og Tobias Santelmann. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

- 22.00 Tíufréttir**
22.15 Veður
22.20 Blóð Blood
23.05 Vesalingarnir Les Misérables
00.05 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 07.30 European Tour 2021**
10.30 European Tour 2021
12.30 European Tour 2021
15.30 European Tour 2021
20.00 European Tour 2021 - Highlights
20.45 European Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.30 Dr. Phil**
13.15 The Late Late Show
14.00 American Housewife
14.25 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 The Block
21.00 Innan við dör
22.00 Why Women Kill
22.45 The Chi
23.35 The Late Late Show
00.20 Station 19
01.05 The Resident Læknadrama af bestu gerð. Sögusviðið er Chastain Park Memorial spítalinn í Atlanta þar sem læknar með ólíkar aðferðir og hugsjónir starfa.
01.45 Chicago Med
02.30 The Great
03.20 The Arrangement Leikkonu eru boðnar \$10 milljón dollara fyrir að ganga hjónaband með einni stærstu stjórnun í Hollywood, en það er ekki allt sem sýnist.
04.05 Síminn + Spotif

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegis
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegis seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið Emmsjé Gauti
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu Styriarte-hátiðin í Austurríki
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Egils saga (19 af 21)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (6 af 50)
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.15 The Golden Compass**
12.05 Almost Friends
13.45 Secret Life of Walter Mitty
15.35 The Golden Compass
17.25 Almost Friends
19.05 Secret Life of Walter Mitty
21.00 The Equalizer
22.55 Gringo
00.45 Carlito's Way Al Pacino fer á kostum í mynd Brians De Palma þar sem hann leikur lykilmann úr Púertó Ríkó mafiunni sem losnar úr fangelsi og ákveður að hefja nýtt líf.
03.05 The Equalizer

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Jamie. Keep Cooking and Carry on
10.30 The Village
11.10 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
13.45 Ísskápastríð
14.15 Poppsvar
14.50 Your Home Made Perfect
15.50 First Dates Hotel
16.40 PJ Karsjó
17.05 The Good Doctor
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 The Grand Party Hotel
20.55 Mom Áttunda gamanþáttaröðin um Christy, sem hefur háð baráttu við bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.
21.15 Magnum P.I.
22.00 Dan Soder. Son of a Gary
23.05 The Wire Bodie tekst að sleppa úr öryggisgæslunni en Herc og Carver eru á eftir honum þar sem þeir ætla sér að berja hann til óbóta.

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 The Bold Type
21.55 Wyatt Cenac's Problem Areas
22.25 Orange is the New Black
23.30 Whiskey Cavalier
00.10 Friends
00.35 Friends
00.55 The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 07.45 Seinni bylgjan - karla**
09.00 Seinni bylgjan - kvenna
10.00 Þór Þ. - Höttur Útsending frá leik í Dominos deild karla.
11.45 Keflavík - Tindastóll
13.25 Dominos Tilþrífing 9. umferð
14.10 Stjarnan - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild karla.
15.30 Afturelding - FH
17.00 Seinni bylgjan - karla
18.15 Grindavík - KR Útsending frá leik í Dominos deild karla.
20.00 Dominos Körfuboltaöld
21.15 KA/Þór - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
22.40 Haukar - Valur
00.05 Seinni bylgjan - kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

- 06.55 Football League Show**
07.20 New York Knicks - Portland Trail Blazers
09.20 Benevento - Sampdoria
11.00 AC Milan - Crotone
12.40 Parma - Bologna
14.20 Phoenix Suns - Boston Celtics
16.20 Atlético Madrid - Celta Vigo
18.00 Spænsku mörkin
18.55 FA Cup Preview
19.30 Manchester United - West Ham Bein útsending frá leik í FA Cup.
21.40 Burnley - Bournemouth
23.20 Ítölsku mörkin
00.10 Spænsku mörkin

Dagskráin á Hringbraut

h



LÍFIÐ ER LAG

hefst að nýju á Hringbraut kl. 20.30 í kvöld.

7. þáttaröð og samtals

12 þættir fram í maí.

Í þætti kvöldsins:

Helgi í Góu vill að eldri borgarar flytji

á Hótel Sögu. Janus Guðlaugsson

fjallar um lýðheilsumál, hollustu og

hreyfingu. Lítið inn á bóndadaginn

hjá þorakónginum í Múlakaffi.

Rætt við Sigurstein Hákonarson

um „Dúmbó og Steina“ og upphaf

Glaumbæjaráranna.

Umsjónarmaður þáttarins er

Sigurður K. Kolbeinsson



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

h

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



2. ÞÁTTARÖÐ
ALLA FIMMTUDAGA
KL. 21.30!

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti er mættur aftur með glænýja þáttaröð. Hann heldur áfram að heimsækja falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum magnaðar fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér íslenska veitingahúsameningu, kynnist áhugaverðum persónum og fræðist um ýmis lífsstílstengd málefni.

Sir Arnar Gauti er á dagskrá Hringbrautar alla fimmtudaga kl. 21.30.



HRINGBRAUT



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ída Jónasdóttir Herman

Ída Jónasdóttir Herman fæddist vissulega á Íslandi, árið 1925, en þegar hún var ung kynntist hún bandarískum hermanni, Delbert Herman. Þau voru trúlofuð aðeins 48 klukkustundum eftir að hafa kynnst. Hún varð fyrst íslenskra kvenna til að fá leyfi til að giftast bandarískum hermanni og missti íslenska ríkisborgararétt sinn í kjölfarið vegna þágildandi laga. Ída vakti fyrst athygli hér á landi fyrir mikla ævintýramennsku þrátt fyrir að vera á tíræðisaldri og RUV gerði heimildarmyndina Aldrei of seint um hana. Hún fór í ísklifur og svífvængjaflug þegar hún var 93 ára gömul. Ída endurheimti íslenska ríkisborgararétt sinn í júní 2019. Mánuði síðar sótti hún landið heim og hélt veislu á Hressingarskalanum til að fagna áfanganum. Ída lýsti því yfir að öllum væri boðið að koma að fagna með henni. Ída lést í október sama ár, þá 94 ára að aldri.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vladimir Ashkenazy

Einleikspianistinn og hljómsveitastjórnandinn Vladimir Ashkenazy fæddist í Gorkij í Rússlandi árið 1937. Árið 1961 kvæntist hann hinni íslensku Þórunni Jóhannsdóttur en þau kynntust þegar hún var við nám við Moscow Conservatory. Til að þau gætu giftast þurfti Þórunn að afsala sér íslenskum ríkisborgararétti sínum og formlega lýsa því yfir að hún vildi búa í Sovétríkjunum. Ashkenazy var lengi meinað að ferðast út til vestursins en fékk það svo í gegn að fá heimsækja tengdaforeldra sína, foreldra Þórunnar, í London, þar sem þau voru búsett. Í kjölfarið neituðu hjónin að snúa aftur til Sovétríkjanna, en Nikita Krushev skrifaði um málið í ævisögu sinni. Árið 1968 ákváðu þau að flytja til Íslands. Ashkenazy fékk svo íslenska ríkisborgararétt árið 1972 og vakti það heimsathygli, enda einn fremsti hljómsveitastjórnandi í heiminum. Hann stóð meðal annars að stofnun Listahátíðar Reykjavíkur árið 1970. Hjónin fluttu árið 1978 til Sviss og búa þar enn.

Velkomnir ríkisborgararar

Tónlistarmaðurinn Damon Albarn fagnar íslenskum ríkisborgararétti sem hann fékk á dögunum. Hann tilheyrir nú hópi þekktra útlendinga sem þurftu engan undirskriftarlista til að fá ríkisborgararétt. Bobby Fischer er líklega sá eftirminnlegasti í seinni tíð en ýmsir leynast í klúbba nýrra Íslendinga.

Breskir og íslenskir fjölmiðlar hafa fjallað um um nýtilkominn íslenska ríkisborgararétt tónlistarmannsins Damons Albarn, sem hann fékk nú fyrir stuttu.

Þegar saga okkar Íslendinga í þessum málaflökki er skoðuð er nokkuð ljóst að þegar óskað er eftir ríkisborgararétti, þá skiptir máli hvort þú ert Jón eða séra Jón. Í flestum tilfellum ratar það ekki í fjölmiðla þegar einstaklingur fær íslenska ríkisborgararétt en stundum vekur það heimsathygli, líkt og í tilfalli Bobbys Fischer árið 2005. Handboltakappinn Róbert

Julian Duranona varð þjóðhetja eftir magnaða frammistöðu sína með íslenska landsliðinu, en hann fékk ríkisborgararétt árið 1996. Ída Jónasdóttir sigraði hug og hjörtu landsmanna þegar hún sýndi okkur hvernig það er að lifa í núinu og prófa nýja hluti, þrátt fyrir að vera á tíræðisaldri. Hún fékk íslenska ríkisborgararétt að nýju árið 2019 og bauð öllum Íslendingum í partí.

Einleikspianistinn Ashkenazy fékk íslenskt ríkisfang árið 1972 eftir að hafa neitað að snúa aftur til Sovétríkjanna frá London með eiginkonu sinni, píanóleikaranum Þórunni Jóhannsdóttur.

steingerdur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Damon Albarn

Forsprakki hljómsveitanna Blur og Gorillaz fékk íslenska ríkisborgararétt nú á dögunum. Albarn, sem fæddist í London 1968, hefur lengi haft sterk tengsl við landið. Hann kom hingað fyrst árið 1996. Í viðtali við The Guardian árið 2012 sagðist hann hafa endurtekið dreymt draum um svartar strendur í æsku. Einn daginn hafi hann fyrir tilviljun séð sjónvarpsþátt um landið. „Þannig að ég tók næstu vél þangað. Ég var bara einn og þekkti engan. Ég fór á Laugavegin, þar sem barirnir

eru.“ Fimmta plata Blur var tekin upp hérlendis. Damon heillaðist af landi og þjóð og hefur átt hús í Grafarvoginum um nokkurt skeið. Páll Magnússon hitti tónlistarmanninn í Alþingishúsinu í mars í fyrra og sagðist í Facebook-færslu ekki hafa séð betur en að Albarn væri að sækja um ríkisborgararétt, sem honum var veittur janúar. Getgátur eru um að það að tónlistarmaðurinn hafi loks látið slag standa núna tengist á einhvern hátt Brexit, auðvitað er þó ekki hægt að staðhæfa neitt um það.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bobby Fischer

Einn besti skákmaður allra tíma, alþjóðlegi meistari Bobby Fischer, fékk íslenska ríkisborgararétt árið 2005. Þetta gerðist í kjölfar þess að hann var handtekinn í Japan fyrir að vera í raun án ríkisfangs. Hann hafði búið í Japan um skeið og var handtekinn á flugvöllinum þegar hann var á leið sinni til Manilla á Filippseyjum. Bandarískt vegabréf hans var gert ógilt árið 2003 vegna handtökuskipunar sem gefin var út á hann fyrir að hafa áður brotið gegn settum höftum gegn Boris Spassky árið 1972. Hér eignaðist hann góðan vin í lögregluþjónum Sæmundi Pálsyni, betur þekktum sem Sæmi Rokk. Hann starfaði sem lífvörður Fischers á meðan hann var hér á landi. Fyrst um sinn voru íslensk stjórnvöld treg til að veita honum ríkisborgararétt en með milligöngu skákmeistarans Williams Lombardy ákvað Alþingi að veita Bobby sérstaka undanþágu. Hann bjó hér á landi til dánardags, árið 2008, og er grafinn við Laugardælakirkju sem er rétt fyrir utan Selfoss.



MYND/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS

Róbert Julian Duranona

Handboltakappinn Roberto Julian Duranona fæddist á Kúbu árið 1965. Hann vakti fyrst athygli fyrir hæfni sína í íþróttinni á heimsmeistarátönu í Sviss árið 1986. Duranona sagði á sínum tíma að handboltinn hafi ekki hafa verið sérstaklega vinsæl íþrótt á Kúbu. Hann kynntist Íslendingnum Andrési Péturssyni síðar í Tékkóslóvakíu og tókst á með þeim góður vinkapur. Andrés bað Duranona að láta þeim vita hefði hann áhuga á að spila annars staðar en á Kúbu. Í viðtali við Morgunblaðið árið 2001 sagðist Duranona ekki hafa talið sig geta framfleytt sér á íþróttinni einni saman þar á landi, þar sem lítið var um atvinnumennsku. Haustið 1994 var kúbanska liðið stutt í Argentínu í æfingabúðum. Þá ákvað Duranona að láta sig hverfa úr landsliðshópnum. Vegna pólitísks landslags á Kúbu á þessum tíma varð Duranona í raun án ríkisfangs í kjölfarið. Honum bauðst að fara ymist til spænsks félagsliðs eða KA á Akureyri, sem hann þáði. Árið 1996 fékk hann svo íslenska ríkisborgararétt og spilaði heilt yfir um sextíu leiki fyrir íslenska landsliðið.



Áttu erfitt með að koma þér fyrir? Upphaf nýrra **drauma!**



STILLANLEGIR
DAGAR

20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Tilboðsverð frá
355.448 kr.

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr



Þessi með Framsóknarflokknum ...

Þingflokkur Framsóknarflokksins setur sig í stellingar vinanna í Friends. En er þá Sigurður Ingi Ross? Passar Lilja Dögg í sæti Rachel? Hver og einn verður að finna út úr því segir **Willum Þór** sem gæti verið Joey. Eða Chandler?

Þingflokkur Framsóknarflokksins heggur aftur í sama dægurmenningarknérunn til þess að vekja athygli á opnum fundum sínum með kjósendum.

Á sama tíma fyrir ári boðaði hópurinn fundaðerð umhverfis landið með því að skella sér í hippalegt Volkswagen-rúgbrauð mölbrotinnar stórfjölskyldunnar í verðlaunamyndinni Little Miss Sunshine en nú þjappa þau sér saman, öll sem eitt, eins og vinirnir Monica, Chandler, Rachel, Joey, Ross og Phoebe úr Friends-þáttunum.

Auglýsingunni er ætlað að vekja athygli á því að á næstu dögum verða ráðherrar og þingmenn Framsóknar með opna Zoom-fundi á netinu. Vinafundunum fylgir að „framfarir og umbætur byggja á samvinnu og samtali“ og þess vegna „ræðst framtíðin á miðjunni“.

Þingfólkið skiptir sér niður á kjördæmin og fundirnir eru kenndir við þau sem „þessi með...“ rétt eins og Friends-þættirnir voru forðum nefndir til dæmis „þessi með apanum“ og „þessi með ókeypis kláminu“ svo tveir af þessum 236 séu nefndir.


Þessi með Willum...

Þingflokksformaðurinn Willum Þór Þórsson reið á vaðið í gærkvöld með þessum með Willum í Suðvesturkjördæmi og í kvöld klukkan 20 verða þessir með Lilju Dögg og Ásmundi Einari í Reykjavík og með Líneik Önnu og Þórnari Inga í Norðausturkjördæmi.

„Þetta er nú bara eins og með góðan hómur að við eftirlátum hverjum og einum að finna út úr því,“ segir Willum þegar hann er spurður hvert þeirra sé eiginlega hvaða vinur.

Í auglýsingunni hefur Willum skipt um pláss við Matt LeBlanc í hlutverki hins vel meinandi en heldur vitgranna leikara og óforbetrarlega kvennabósa Joey Tribbiani. En það er sem sagt engin ástæða til þess að ráða eitthvað sérstakt í það.

„Þetta átti nú bara að vera léttur hómur inn í þessa pólitík. Ég held líka að þekking okkar, hvers og eins, sé svona mismikil á þessum ágætu þáttum en ég var ekki einu sinni búinn að leiða hugann að því hver ég gæti verið,“ segir Willum en bætir



Vinirnir eru bara sex í þáttunum en í Framsókn eru þau átta með Líneik Önnu og varaþingmanninn Þórnari Inga hvort á sínum kantinum. Þau gætu til dæmis verið ígildi hinnar raddsterku Janice og kaffibarþjónsins Gunther.



Allir vildu Rachel kveðið hafa en er hún Lilja? Eða Monica eða jafnvel Phoebe sem gerði garðinn frægan með laginu um daunilla köttinn?

við að þau í þingflokknunum hafi eitthvað kastað á milli sín í gríni hver ætti að vera þessi eða hinn. „Ég átta mig ekki allveg á því. Það verður að viðurkennast.“

Hver er Rachel?

Willum segist aðspurður hafa séð þátt og þátt í gegnum tíðina. „Það er nú svolítið síðan en ég hafði nú alltaf gaman að þessu. Skemmtilegar típur í þessu,“ segir Willum. Samkvæmt uppröðuninni á auglýsingunni er Ásmundur Einar Daðason í sporum kaldhæðna og seinheppna

brandarakallsins Chandler Bing og Lilja Dögg Alfreðsdóttir tekur sess hjartahlýju dekurrofunnar Rachel Green.

Flokksformaðurinn og dýralæknirinn Sigurður Ingi Jóhannsson leysir steingervingafræðinginn kvartarsára Ross Geller af og þótt sætaskipanin sé tilviljun háð er því ekki að neita að ýmislegt formannlegt er í fari Ross sem þykir bráðgáfaður og klár þótt hann sé líka klaufskur sérvitringur. Þá er hann stoltur af annálaðri skyngsemi sinni þótt í honum bærast rómantískt

● ● ÞETTA ÁTTI NÚ BARA AÐ VERA LÉTTUR HÚMOR INN Í ÞESSA PÓLÍTÍK. ÉG HELD LÍKA AÐ ÞEKING OKKAR, HVERS OG EINS, SÉ SVONA MISMIKIL Á ÞESSUM ÁGÆTU ÞÁTTUM.

framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, um þann djarfa leik í fyrria að stilla þingflokknun upp sem kolklikaðri fjölskyldu á barmi taugaáfalls.

Friends-þættirnir þykja ekki hafa elst sérlega vel þannig að enn og aftur tekur þingflokkurinn áhættu í auglýsingagríninu og í umræðum um auglýsinguna á Facebook er hún talin til marks um að Framsóknarflokkurinn sé nokkrum áratugum á eftir.

Skökku skjóti við að tala um framfarir en halda að Friends-brandarar séu enn viðeigandi. Í því sambandi er bent á að homma-brandarar og gömul kynjapólitík segi sitt um hversu gamaldags þættirnir eru.

Sitt sýnist þó vitaskuld hverjum og einum vill meina að Friends-grín verði aldrei úr sér gengið þótt auglýsingin vekji engan sérstakan áhuga hans á að rýna í stefnuskrá Framsóknarflokksins. Annar sér ekkert athugavert við beina tilvísun í þættina og finnur það helst að auglýsinginni að í henni sé ekkert gefið fyrir persónulegar sóttvarnir.

Willum segist alltaf hafa gaman að því þegar fólk hefur skoðanir á hlutunum og tilganginum en náð ef umræður kvikna. „Við megum heldur ekki taka okkur of hátiðlega í þessari pólitík.“

Willum bætir við að þegar upp er staðið snúist pólitíkin um að „hlusta og hlera fólk og svona átta sig á því hvar þjóðarröðin liggur“ og það ætli hann sér að gera á þessum Zoom-fundum með honum og hinum vinunum í Framsókn. „Ég vil helst helst tala minna og hlusta meira,“ segir hann og útilokar þar með Chandler Bing.

toti@frettabladid.is



Willum Þór Þórsson

flón og í gegnum þættina reynist hann ítrekað ástrikasti vinurinn og sá sem á auðveldast með að sýna öðrum umhyggju.

Langt innan tveggja metra við formanninn situr síðan Silja Dögg Gunnarsdóttir í stað hinnar ráðríku Monicu Geller sem Courteney Cox gerði þráhyggjukennnd skil í þáttunum og staða Phoebe Buffay kemur í hlut Höllu Signýjar Kristjánsdóttur sem statar þá af því að hafa fengið úthlutað embætti furðulegustu en sjálfsagt um leið skemmtilegustu persónunnar í sextettinum.

Taka sig ekki of hátiðlega

„Það er nú bara til gamans gert að vekja svona athygli á fundaherferðinni og sýna að við erum samt fjölskylda í þessu verkefni,“ sagði Helgi Haukur Hauksson,

BYGGINGARIÐNAÐURINN

Þriðjudaginn 23. febrúar gefur Fréttablaðið út sérblað um allt sem viðkemur byggingariðnaðinum á Íslandi, hvort það eru bæjarfélög, verktakafyrirtæki, trésmiðjur og söluaðilar byggingarvöru.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Ruth Bergsdóttir
ruth@frettabladid.is · Sími 694 4103



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Hvar er Skugga Baldur?

Er ég hafði glímt við mán- aðalangan svima lét ég undan þrýstingi góðra vina og heimsótti hinn svokallaða galdrakarl sem býr í þorpinu mínu. Útidyr hans stóðu opnar er ég mætti við þriðja mann og vissi hann vel hveir erinda ég var kominn þegar ég gerði vart við mig. Bað hann mig að sitja en greip svo skrifblokk og páraði í hana nafn mitt, reyndar kolvitlaust en það gerir ekkert til með því að andaheimurinn er ekki stífur á stafsetningu. Setur svo að honum svefnhöfga mikinn og geispar hann yfir skræðunni. Það var ekki um að villast, ég var mengaður af svartagalli og kvaðst hann hefja bænasöng strax hinn næsta dag og ætti ég að vera orðinn góður á þriðja degi. Tók ég þá upp veski en ekki vildi hann hafa af mér fé.

Í nærveru fólks með slíkan starfa spyr maður sig strax hvað því gengur til. En vaknar sama spurning gagnvart þeim sem hve hæst láta? Hvað gera, til dæmis, áhrifavaldar, stjórnmálamenn, spekingar og athafnafólk með þá athygli sem það sankar að sér? Gengur því alltaf gott til eða er stundum verið að vökva illgresi illsku, hégóma, græðgi og ótta? Er það svo vist að Skugga Baldur standi í skugga en ekki mitt í sviðsljósinu?

Ekki ætla ég að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir galdrakarlinn en hitt er vist að það er margra meina bót að heimsækja skrautlegt og skemmtilegt fólk sem stingur í stúf við þá stefnulausa rekaviði sem við flest kjósum að vera í lífsins ólgusjó.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

Góður svefn ER GRUNNUR AÐ góðri heilsu

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR Í VERSLUNUM OKKAR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

Kynntu þér vöruúrvalið og verslaðu í rólegheitum í vefverslun Svefn & heilsu

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

Framúrskarandi fyrirtæki

2018 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

UMBODSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is